# FRÉTTABLAÐIÐ

117. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 22. MAÍ 2019





Hverfisgötu hefur nú verið lokað vegna framkvæmda en meðal annars er verið að endurgera götuna á milli Ingólfsstrætis og Smiðjustígs. Áætlað er að verkinu ljúki í september og má því búast við að vegfarendur þurfi að aka hjáleiðir að minnsta kosti næstu mánuðina. Hið sama gildir um Strætó en leiðir 1, 6, 11, 12, 13 og 14 aka um Sæbrautina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tveir kvartað undan skipun Sigríðar

**Tveir umsækjendur um embætti seðlabankastjóra hafa kvartað vegna skipunar Sigríðar Benediktsdóttur í hæfisnefnd. Telja hana vanhæfa vegna setu í bankaráði Landsbankans. Tók sæti í nefndinni án þess að bera það undir regluvörð eða formann bankaráðs.**

**STJÓRNSÝSLA** Tveir umsækjendur um starf seðlabankastjóra hafa skilað inn formlegri kvörtun vegna skipunar Sigríðar Benediktsdóttur, hagfræðings við Yale-háskóla, sem formanns þriggja manna hæfisnefndar sem á að meta hæfi þeirra sem hafa sótt um embættið. Þannig gagnrýna þeir meðal annars, samkvæmt heimildum Markaðarins, að Sigríður leiði hæfisnefndina á sama tíma og hún sé í bankaráði Landsbankans enda eigi bankinn, sem stærsti viðskiptavinur Seðlabanka Íslands, verulegra hagsmuna að gæta sem snýr að ýmsum ákvörðunum Seðlabankans.

Annar þeirra sem hafa kvartað til forsætisráðuneytisins yfir meintu vanhæfi Sigríðar er Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárstýringar Seðlabankans. Þau störfuðu saman um skeið í bankanum en Sigríður gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármálastöðugleika 2011 til 2016.

Í gagnrýni þeirra sem hafa lagt fram kvörtun yfir meintu vanhæfi



**Sigríður Benediktsdóttir.**

Sigríðar er einnig vísað til þess að í lögum um Seðlabankann er kveðið á um að ekki megi kjósa stjórnendur eða starfsmenn fjármálastofnana sem eiga í viðskiptum við Seðlabankann til setu í bankaráði. Sömu sjónarmið, að mati þeirra umsækjenda sem hafa kvartað til ráðuneytisins, ættu að eiga við um þá sem eru skipaðir í hæfisnefndina og hafa aðkomu að því að velja seðlabankastjóra.

Þá er að auki bent á að fyrir liggi frumvörp sem gera ráð fyrir sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og mun seðlabankastjóri því bera æðstu ábyrgð á eftirliti með starfsemi fjármálafyrirtækja. Af þeim sökum séu uppi verulegar efasemdir um hæfi Sigríðar til að meta hæfi umsækjenda um embætti seðlabankastjóra samhliða því að vera í bankaráði stærsta banka landsins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins gætir óánægju innan Landsbankans með að Sigríður hafi samþykkt að taka starfið að sér án þess að bera það fyrst undir formann bankaráðs eða regluvörð bankans. Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs Landsbankans, vildi ekkert tjá sig um málið. **– hae /** **sjá Markaðinn**

## Rétt að þýska ríkið greiði bætur

**GEIRFINNSMÁL** Þýska alríkislögreglan þarf að axla ábyrgð á sínum þætti við rannsókn Geirfinnsmálsins á áttunda áratugnum, að mati þingmannsins Andrej Hunko, sem situr á þýska sambandsþinginu.

Hann segir svör þýskra stjórnvalda við fyrirspurnum sínum um málið sýna að háttsettir embættismenn hafi átt beina aðild að því að þýskur löggreglumaður á eftirlaunum, Karl Schütz, var fenginn til aðstoðar við rannsókn málsins.

Yfirheyrsluaðferðir Schütz hafi átt stóran þátt í að framkalla falskar játningar sem leiddu til sakfellingar saklausra ungmenna á Íslandi í málinu. Hann nefnir einnig langa einangrunarvist sakborninga, vatnspyndingar, lyfjagjafir og dáleiðingar sem prófaðar hafi verið á sakborningunum.

Hunko segir réttast að þýska ríkið greiði þolendum málsins bætur, og að það gildi bæði um þá sem enn lifa og aðstandendur þeirra sem látnir eru. „Þýska alríkislögreglan þarf að axla sína ábyrgð á stærsta réttarfarshneyksli Íslandssögunnar,“ segir þingmaðurinn. **– aá /** **sjá síðu 4**



**Angela Merkel, kanslari Þýskalands.**







## Veður




Norðaustlæg eða breytileg átt 3-10 m/s. Skýjað og allvíða dálítil súld, en stöku síðdegisskúrir, einkum S- og V-til. Hiti frá 4 stigum á NA-horninu, upp í 14 stig á Vesturlandi. SJÁ SÍÐU 16



**Ísak er skipuleggjandi Dýradagsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Dýradagurinn haldinn í fyrsta sinn á Íslandi

**UMHVERFISMÁL** Landvernd stendur í dag fyrir skrúðgöngu frá Laugarnesskóla yfir í Grasagarðinn í tilefni Dýradagsins, sem er nýr viðburður á vegum Landverndar sem fyrirhugað er að verði árlegur.

Þema fyrstu skrúðgöngunnar er meðal annars málefni hafsins og plastmengun í hafi. Viðburðurinn er settur upp sem blanda af umhverfisfræðslu og skapandi vinnu með ungmennum sem meðal annars felst í búningagerð úr efnivið sem annars yrði fleygt.

Skrúðgangan hefst klukkan 14.00 í dag, á alþjóðlegum degi líffræðilegrar fjölbreytni, sem þar að auki er tileinkaður 50 ára afmæli Landverndar.

Ísak Ólafsson, skipuleggjandi viðburðarins, segir að hugmyndin að baki deginum sé að hluta til viðbragð við umræðu sem verið hefur um umhverfismál, umræðu sem er oft á tíðum á neikvæðum nótum.

„Mér finnst mikilvægt að við komum saman og fögnum lífinu sem er til,“ segir Ísak. „Á þessum viðburði eiga allir að geta komið saman, óháð skoðunum, og fagnað.“

Dagurinn er byggður á hugmyndum Roots & Shoots, samtaka Jane Goodall í Taívan og Argentínu sem skipuleggja svipaðan viðburð sem kallast Animal Parade. Goodall stefnir sjálf á að vera viðstödd Dýradaginn á Íslandi á næsta ári. – pk

## Keppt í nýsköpun



Nemendur úr fimmta, sjötta og sjöunda bekk hvaðanæva af landinu öttu kappi í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna í gær. Keppnin hefur verið haldin ár hvert frá 1991. Hér má sjá nokkra keppendur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS Fleiri myndir frá keppninni er að finna á +Plússíðu Fréttablaðsins. **Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.**

# Síðasti séns segir Theresa May

**BRETLAND** Breska þingið hefur einungis eina tilraun í viðbót til þess að tryggja útgöngu Bretlands úr Evrópusambandinu. Þetta sagði Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, í gær en útgöngusamningur ríkisstjórnar hennar við ESB fer fyrir þingið í fjórða sinn í byrjun júní.

May sagði samninginn nýjan og hét því að þingið fengi að greiða atkvæði um hvort halda skyldi þjóðaratkvæðagreiðslu um samninginn. Í samningnum eru, samkvæmt BBC, ný ákvæði um réttindi Breta í Evrópusambandsríkjum og öfugt og málamiðlanir hafa verið gerðar í tollamálum.

Miðað við viðbrögðin í gær er ekki sjálfgefið að þingið samþykki samninginn. Útgöngusinnar innan Íhaldsflokksins brugðust illa við þessari nýjustu útgáfu samningsins og þá sagði BBC að Verkamannaflokksliðar segðu samninginn afar lítið breyttan. – þea

# Vonar að ferðin hafi breytt skoðun Hatara

**Aðstoðarsendiherra Ísraels í Ósló telur Eurovision ekki hafa verið réttan vettvang fyrir Hatara til þess að tjá pólitískar skoðanir sínar. Hann segir sendiráðið trúa á tjáningarfrelsið og ekki eiga í vandræðum með gagnrýni Hatara á ástandið í Ísrael.**




**Hér sjást meðlimir Hatara veifa palestínska fánanum.** MYND/SKJÁSKOT AF VEF RÚV

**SAMFÉLAG** „Við trúum á tjáningarfrelsi og eigum ekki í neinum vandræðum með pólitískar yfirlýsingar eða gagnrýni Hatara. Það er hluti af opinberri samfélagsumræðu sem á sér stað í Ísrael á hverjum degi,“ segir Dan Poraz, aðstoðarsendiherra Ísraels í Ósló, aðspurður um viðbrögð sendiráðsins við þátttöku Hatara í Eurovision og lokahnykk sveitarinnar á úrslitakvöldi söngvakeppninnar, þegar sveitin sýndi palestínska fánann í síðasta skipti sem Hatari kom í mynd í beinni sjónvarpsútsendingu frá keppninni í Tel Avív.

Hann telur Eurovision-söngvakeppnina þó ekki vera vettvang til þess að viðra pólitískar skoðanir því að einfaldlega sé ekki um pólitískan viðburð að ræða. „Við teljum Eurosvision ekki vera rétta vettvanginn fyrir gjörning af þessu tagi. Menning og listir hafa þann sérstaka eiginleika að færa fólk af ólíkum bakgrunni saman og um það snýst Eurovision í grunninn. Reglur keppninnar lúta að því að Eurovision sé ekki pólitískur viðburður og að þar skuli enginn pólitískur áróður eiga sér stað,“ segir aðstoðarsendiherrann í skriflegu svari til Fréttablaðsins.



**Hatari á appelsínugula dreglinum í Tel Avív í Ísrael.** NORDICPHOTOS/GETTY

> **Við vonum að þau hafi notið ferðarinnar, kynnst viðkunnanlegu fólki og víkkað sjóndeildarhring skoðana sinna hvað varðar ástandið í Ísrael.**
>
> Dan Poraz, aðstoðarsendiherra Ísraels í Ósló

Mikið var rætt um það í aðdraganda Eurovision hvort Ísland ætti yfirhöfuð að taka þátt í keppninni. Til að mynda lýsti Félagið Ísland Palestína yfir vanþóknun sinni á því að Ísland tæki þátt á annað borð.

Poraz segist fagna því að Hatari hafi ferðast til Ísrael og vonar að dvölin hafi haft jákvæð áhrif á skoðanir hópsins á stöðunni í Ísrael. „Við fögnum því að Hatari hafi yfirhöfuð komið til Ísrael og tekið þátt í keppninni. Við vonum að þau hafi notið ferðarinnar, kynnst viðkunnanlegu fólki og víkkað sjóndeildarhring skoðana sinna hvað varðar ástandið í Ísrael.“

Fréttablaðið óskaði eftir viðbrögðum frá Hatara við ummælum sendiráðsins um það hvort skoðanir þeirra á ástandinu í Ísrael hefðu breyst með heimsókninni.

Meðlimir sveitarinnar vildu ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. birnadrofn@frettabladid.is

Garðtraktorar
fyrir þá kröfuhörðu

Cub Cadet
Gerir sláttinn auðveldari
ÞÓR HF
Reykjavík: Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500
Akureyri: Baldursnes 8 603 Akureyri Sími 568-1555
Opnunartími: Opið alla virka daga Lokað um helgar
Vefsíða og netverslun: www.thor.is




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Færri Wow-liðar atvinnulausir

**ATVINNUMÁL** Milli mánaðanna apríl og maí hefur fækkað um sextíu í hópi þeirra fyrrverandi starfsmanna WOW air sem skráðir eru atvinnulausir hjá Vinnumálastofnun.

Að því er fram kemur í minnisblaði sem Vinnumálastofnun tók saman í síðustu viku að beiðni félagsmálaráðuneytisins voru það alls 780 starfsmenn WOW air sem sóttu um atvinnuleysisbætur eftir fall fyrirtækisins í lok mars.

„Af þeim fengu 680 atvinnuleysisbætur greiddar fyrir aprílmánuð. Í dag eru 621 fyrrverandi starfsmaður WOW á atvinnuleysisskrá. Má áætla að mismunur þeirra sem sóttu um atvinnuleysisbætur og fengu greiddar atvinnuleysisbætur fyrir apríl liggi í þeim hópi sem fékk starf strax eða var í lánshæfu námi. Eftir stendur að 621 starfsmaður hefur enn ekki fundið starf,“ segir í minnisblaðinu.

**621**
**starfsmaður WOW air hefur ekki enn fundið annað starf.**

Gísli Davíð Karlsson, þjónustustjóri hjá Vinnumálastofnun, bendir á að skráning á atvinnuleysi meðal fyrrverandi starfsmanna WOW air gefi ekki fulla mynd af stöðunni eftir gjaldþrotið. „Það eru þarna kannski útlendingar sem fóru beint til síns heima og eru hugsanlega komnir með vinnu.“

Gísli segir starfsmenn Vinnumálastofnunar ekki hafa gert sér sérstaka mynd af því hvernig þróunin yrði hjá hópnum. „Það eru vísbendingar um að það sé að hægjast um í hagkerfinu en þarna eru margir einstaklingar sem standa sterkir að vígi varðandi vinnumarkaðinn – ég held að meginþorri þeirra sé með háskólamenntun. En svo er spurning með framboð af störfum við hæfi.“

Vignir Örn Guðnason, formaður Íslenska flugmannafélagsins – félags flugmanna hjá WOW – var staddur í útlöndum í gær og baðst af þeim sökum undan viðtali um stöðuna í bili. Ekki náðist í Berglindi Hafsteinsdóttur, formann Flugfreyjufélags Íslands. **- gar**

FRÉTTABLAÐIÐ
**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**
Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.
Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning.** Það kostar ekkert.

# Þýsk stjórnvöld þurfi að axla sína ábyrgð á Geirfinnsmáli

**Þýskur þingmaður segir að þýska ríkinu beri að bæta þolendum Guðmundar- og Geirfinnsmála þær þjáningar sem þýskur rannsóknarlögreglumaður hafi valdið þeim. Þýsk stjórnvöld þurfi að axla ábyrgð á málinu og veita alla mögulega aðstoð við að upplýsa það.**


Karl Schütz (í hvítri skyrtu) hélt blaðamannafund um lausn Geirfinnsmáls árið 1977. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

**GEIRFINNSMÁL** „Þýska alríkislögreglan (BKA) þarf að axla sína ábyrgð á stærsta réttarfarshneyksli Íslandssögunnar,“ að mati þýska þingmannsins Andrej Hunko, sem lagði ásamt nokkrum samflokksmönnum sínum fram fyrirspurn á dögunum til þýskra stjórnvalda um aðkomu Þjóðverja að rannsókn Guðmundar- og Geirfinnsmála.

„Þýsk stjórnvöld hafa nú staðfest umfangsmikla aðstoð alríkislögreglunnar með aðkomu bæði þáverandi forseta hennar og þáverandi ráðuneytisstjóra innanríkisráðuneytis Vestur-Þýskalands Siegfried Fröhlich,“ segir Hunko og vísar til svars þýskra stjórnvalda sem barst í vikunni.

Hunko segir löngu tímabært að þýsk stjórnvöld bjóði íslenskum stjórnvöldum alla mögulega aðstoð við að upplýsa að fullu þátt Þjóðverja í málinu en í svari þýskra stjórnvalda kemur fram að engin beiðni um slíka aðstoð hafi komið frá íslenskum yfirvöldum.

„Að mati Gísla Guðjónssonar réttarsálfræðings, voru það yfirheyrsluaðferðir BKA sem leiddu til hinna fölsku játninga sem veittar voru í málinu,“ segir Hunko og nefnir einnig langa einangrunarvist sakborninga, vatnspyndingar, lyfjagjafir og dáleiðingar sem prófaðar hafi verið á sakborningunum.

„Þýska ríkið þarf að bæta þolendum málsins fyrir þær aðferðir sem notaðar voru og skiluðu fölskum játningum,“ segir Hunko og að það gildi bæði um þá sem enn lifa og aðstandendur þeirra sem látnir eru.

Í svari stjórnvalda við fyrirspurnum þingmannanna kemur fram að fyrstu skráðu samskiptin um aðkomu Karls Schütz að málinu séu af samtali fyrrnefnds Fröhlich og Péturs Eggerz síðar sendiherra, í Strassborg þar sem þeir voru í erindagjörðum vegna Evrópuráðsins.

Mun Pétur hafa óskað eftir aðstoð BKA við rannsóknir morðmála á Íslandi. Fröhlich mun að sögn hafa ekki hafa talið beina aðkomu BKA æskilega í byrjun en boðist til að hafa samband við mann sem á þeim tíma var nýkominn á eftirlaun. Karl Schütz hafi reynst reiðubúinn og í framhaldinu haldið til Reykjavíkur þar sem gengið hafi verið frá samningum við hann.

Í svarinu er einnig greint frá bréfaskiptum Ólafs Jóhannessonar og Siegfried Fröhlich þar sem hinn síðarnefndi féllst á ósk ráðherrans um framkvæmd réttarmeinarannsókna á rannsóknarstofu BKA. Segir Fröhlich að Horst Harold, forseti BKA, muni með ánægju láta framkvæma þær rannsóknir sem óskað sé frá Íslandi vegna málsins. Ekki liggi fyrir hvort eða hver hafi greitt fyrir þær rannsóknir sem gerðar voru.

Fyrirspurnin laut einnig að afstöðu þýskra stjórnvalda til málsins í dag þegar ljóst væri orðið að brotið hefði verið alvarlega gegn fólki með vitund og vilja og jafnvel undir stjórn fulltrúa BKA. Svör þýskra stjórnvalda við þeim spurningum eru að Karl Schütz hafi verið kominn á eftirlaun og því veitt aðstoð sína í eigin nafni en ekki á vegum BKA eða þýskra yfirvalda. Hunko segir þversögn í þessu yfirlýsta ábyrgðarleysi þýskra stjórnvalda, enda ljóst af svarinu sjálfu að lagt var á ráðin milli háttsettra embættismanna um aðkomu Schütz, auk þeirrar tækniaðstoðar sem veitt hafi verið. Þá hafi fimm þýskum embættismönnum, auk Schütz sjálfs, verið verið launað ríkulega með heiðursorðum íslenska ríkisins. **adalheidur@frettabladid.is**

### Indíánaaðferð við yfirheyrslur

Í skýrslu starfshóps um Guðmundar- og Geirfinnsmál er vikið að indíánaaðferðinni sem Schütz innleiddi við yfirheyrslur yfir sakborningum. Nafnið væri sótt til amerískra vestra, þegar vagnalest væri stillt upp í hring og indíánarnir væru á þeysireið fyrir utan skotlínuna. Samkvæmt aðferðinni var ekki spurt um atvik í tímaröð, með það að markmiði að sá sem sætti yfirheyrslu ætti erfitt með að átta sig á atburðarás vegna þeirra spurninga sem viðkomandi væri spurður.

**Þýska ríkið þarf að bæta þolendum málsins fyrir þær aðferðir sem notaðar voru og skiluðu fölskum játningum.**

Andrej Hunko, þingmaður þýska sambandsþingsins



Sjúkratryggingar Íslands
**Geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum**
**Auglýsing eftir þjónustuveitanda**
Sjúkratryggingar Íslands óska eftir viðræðum við áhugasaman aðila sem er tilbúinn að taka að sér að útfæra og veita geðheilbrigðisþjónustu við fanga í fangelsum á Íslandi.
Viðkomandi þjónustuveitandi þarf að hafa yfir að ráða þverfaglegu teymi heilbrigðisstarfsfólks með sérhæfingu og reynslu af geðheilbrigðisþjónustu. Fagleg yfirstjórn þjónustunnar skal vera í höndum geðlæknis með a.m.k. þriggja ára starfsreynslu sem slíkur.
Sjá nánar: https://www.sjukra.is/media/samningar/Gedheilbrigdisthjonusta-i-fangelsum-auglysing.pdf
Áhugasamir eru hvattir til að senda viðeigandi upplýsingar á tölvupóstfangið innkaup@sjukra.is eigi síðar en **26. maí 2019.**
Virðing Fagmennska Framsækni

## Vill að Sólveig Anna skýri orð sín


Halldór Benjamín segist ekki kippa sér upp við gífuryrði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KJARAMÁL** Efling hefur krafist fundar með framkvæmdastjóra Samtaka atvinnulífsins, Halldóri Benjamín Þorbergssyni, vegna vanefnda á nýundirrituðum kjarasamningi. Þetta kemur fram á vef Eflingar. Þetta hefur Efling gert „vegna hópuppsagnar hótelstjórans Árna Vals Sólonssonar á launakjörum starfsfólks síns“ eftir samþykkt kjarasamninganna.

Þá sagði Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar, við Ríkisútvarpið að SA ættu að láta sína félagsmenn vita að þetta væri með öllu ólíðandi. Að öðrum kosti væri aðeins það eitt í stöðunni að rifta samningum.

Halldór segir í samtali við Fréttablaðið að honum þætti áhugavert ef Sólveig Anna myndi skýra orð sín, það er að segja gagnvart hverjum samningi væri rift og með hvaða hætti.

„Að öðru leyti hafna ég þessum málatilbúnaði með öllu og stend við allt sem fram kemur í svarbréfi Samtaka atvinnulífsins. Ég er hættur að kippa mér upp við gífuryrði forystu Eflingar en vísa til þess að allt sem kemur fram í svarbréfinu stenst fullkomlega skoðun,“ segir Halldór.

Þá segir Halldór að hann hafi komið þeim skilaboðum til Eflingar í gegnum fjölmiðla að það væri óþarfi að senda út fréttatilkynningar, nóg væri að hringja í framkvæmdastjóra SA og óska eftir fundi. Hann væri boðinn og búinn að ræða mistúlkanir á einstaka atriðum kjarasamnings. Að sama skapi sæi hann ekki hvert hlutverk Ríkissáttasemjara væri í þessu tilliti. Það stæði líka upp á formann Eflingar að útskýra það. **– þea, bg**


Tveir á toppnum frá Škoda.
ŠKODA
GX R30
TI Y86
Vertu til í allt á Kodiaq og Karoq.
Škoda Kodiaq og Karoq hafa slegið rækilega í gegn með útliti sem tekið er eftir hvar sem þeir fara og aksturseiginleikum sem gera lífið skemmtilegra. Komdu í reynsluakstur og mátaðu þig í Kodiaq eða Karoq litla bróður. Hlökkum til að sjá þig.
Škoda Kodiaq 4x4
Ambition / 1.5 TSI / Sjálfskiptur
Verð frá 5.790.000 kr.
Škoda Karoq
Ambition / 1.6 TDI / Sjálfskiptur
Tilboðsverð 4.390.000 kr.
Listaverð 4.850.000 kr.
Afsláttur
460.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU
5
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum
www.skoda.is



Gestur Jónsson lögmaður.

## Segir dóminn brjóta gegn réttindum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hafnaði endurupptöku á máli Jóns Ásgeirs Jóhannessonar og Tryggva Jónssonar í gær. Þannig er ákvörðun endurupptökunefndar hafnað sem féllst á beiðnir þeirra um endurupptöku málsins í apríl 2018.

Málið snýr að skattalagabrotum Jóns Ásgeirs, Tryggva og Kristínar Jóhannesdóttur í tengslum við rekstur Baugs og fjárfestingafélagsins Gaums.

Jón Ásgeir og Tryggvi lögðu málið fyrir Mannréttindadómstól Evrópu (MDE) árið 2017 á þeim grundvelli að brotið hefði verið gegn rétti þeirra með því að vera saksóttir og refsað tvívegis vegna sömu eða efnislega sömu háttsemi í tveimur aðskildum málum. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn þeim í meðferð málanna.

„Þetta er auðvitað staða sem er alvarleg ef við höfum gengist undir það að virða sáttmála eins og Mannréttindasáttmála Evrópu en höfum ekki gert það sem þarf til þess að tryggja það að þegnarnir fái að njóta þessara réttinda,“ segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs.

Honum þyki undarlegt að dómurinn hafi fallið og segir Mannréttindasáttmálann gildandi lög á Íslandi. „Hann er ekki bara einhver sáttmáli úti í Evrópu, þetta er hluti af íslenskri löggjöf. Alþingi setti Mannréttindasáttmálann sem hluta af íslenskum lögum árið 1994. Og í þeim ákvæðum felst meðal annars það að íslenska ríkið skuldbindur sig til þess að tryggja þegnum sínum það að þeir fá notið þeirra réttinda sem MDE segir að séu innifalin í þessum sáttmála. Það þýðir það að við erum skuldbundin til þess að fylgja eftir þeim réttindum sem Jón Ásgeir og Tryggvi fengu staðfest að þeir ættu með þessum dómi MDE 2017.“ **– ókp**

# Á fimmta hundrað verkefna bíða fimm þingfundardaga

Þingmenn standa í ströngu nú í lok vetrar við að klára þingstörf en fimm þingfundardagar eru eftir af starfsáætlun Alþingis. Nærri tvö hundruð lagafrumvörp bíða afgreiðslu þingsins á meðan þingmenn Miðflokksins ræða þriðja orkupakkann af miklum eldmóði. Viðbúið að þingfundur standi fram á nótt.

**ALÞINGI** Þingmenn Miðflokksins hafa upp á síðkastið farið mikinn í umræðum um þriðja orkupakkann. Við það hafa störf þingsins riðlast og margt bíður umfjöllunar. Næsta vika mun skera úr um hvort skera þurfi á hnútinn og stöðva umræður um orkupakkann.

Alls bíður 71 lagafrumvarp nú fyrstu umræðu í þinginu og tíu önnur bíða annarrar umræðu. Á sama tíma eru heil 105 lagafrumvörp í meðförum þingnefnda. Því er í mörg horn að líta hjá þingmönnum næstu tvær vikurnar en samkvæmt áætlun á þingstörfum að ljúka þann 5. júní næstkomandi.

Aðeins fimm þingfundardagar eru eftir samkvæmt áætlun. Auk lagafrumvarpa eru 113 þingsályktunartillögur sem bíða afgreiðslu þingsins. Ráðherrar eiga einnig eftir að svara heilum 142 fyrirspurnum þingmanna.

Þótt erfitt sé að spá fyrir um slíkt er líklegt að starfsáætlun þingsins muni fara úr skorðum að einhverju leyti á næstu dögum. Forseti þings, Steingrímur J. Sigfússon, segir það ráðast í næstu viku hvernig málum verði háttað en þegar líði á fari menn að spila af fingrum fram.

Í umræðum í gær var varpað fram þeirri hugmynd hvort virkja ætti 71. grein þingskaparlaga. Þá getur forseti þings skorið á hnútinn og stöðvað umræður eða stytt þær. Einnig geta níu þingmenn krafist þess að greidd séu atkvæði um það umræðulaust hvort umræðu skuli lokið.

Þingforseti er ekki á þeim buxunum að nýta ákvæðið nú. „Það hefur ekki komið til tals og menn verða að fara varlega í þeim efnum,“ segir Steingrímur. „Nú skulum við sjá til hvernig framvindan verður. Fram undan eru þingnefndardagar svo það er ekki tímabært að velta því fyrir sér á þessum tímapunkti.“

Ólafur Ísleifsson, þingmaður Miðflokksins, segir orkupakkamálið þurfa mun meiri yfirferð.



Guðlaugur Þór Þórðarson mælti fyrir frumvarpi um svonefndan þriðja orkupakka 8. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

> **Nei, ég er nú ekki að safna liði en það þarf að skoða hvernig þingið hefst í næstu viku. Mörg mál munu bíða okkar þingmanna.**
>
> Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins



„Málið þarfnast mun meiri skoðunar. Við í þingflokki Miðflokksins teljum marga fleti á málinu ekki hafa verið rædda nægjanlega mikið. Við teljum að aukin umræða um

> **Við auðvitað myndum fagna því ef þetta frumvarp yrði lagt til hliðar og skoðað mun betur en nú er gert.**
>
> Ólafur Ísleifsson, þingmaður Miðflokksins



málið muni fjölga andstæðingum málsins,“ segir Ólafur. Hann telur ekki um málþóf að ræða af hendi Miðflokksmanna. „Við auðvitað myndum fagna því ef þetta frumvarp yrði lagt til hliðar og skoðað mun betur en nú er gert. Það er mjög mikilvægt að okkar mati.“

Bryndís Haraldsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokks, minnti í ræðu sinni um fundarstjórn forseta á að níu þingmenn gætu kallað til atkvæðagreiðslu um hvort umræðum skyldi hætt og sagði þingið hertekið af þingmönnum Miðflokks. Hún segist hins vegar ekki vera að safna liði. „Nei, ég er nú ekki að safna liði en það þarf að skoða hvernig þingið hefst í næstu viku. Mörg mál munu bíða okkar þingmanna eftir þingnefndardaga á fimmtudag og föstudag og því mikilvægt að taktur komist á þingstörf á nýjan leik.“ **sveinn@frettabladid.is**


# Aðalfundur
## Hollvina Grensásdeildar

verður haldinn mánudaginn 27. maí 2019
í kennslustofu Grensásdeildar
og hefst kl. 16:30

**Dagskrá fundarins:**
Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2018
Ársreikningur 2018
Kjör stjórnar - önnur mál



**Allir velunnarar Grensásdeildar hjartanlega velkomnir**

HOLLVINIR GRENSÁSS

Stjórn Hollvina Grensásdeildar

Hollvinir Grensáss safna fé bæði til tækjakaupa og almennra styrkja við starf Grensásdeildar og einnig til endurbóta á húsnæði

www.grensas.is


# Unglingar vilja rafrettur og heimabrugg

**SAMFÉLAG** Vímuefnaneysla unglinga í Hafnarfirði hefur sjaldan verið mæld jafn lítil. Íþrótta- og tómstundanefnd Hafnarfjarðar hefur þó áhyggjur af því hve margir fikta með rafrettur og að kannabisneysla standi að mestu í stað. Skýrsla frá Rannsóknum og greiningu um vímuefnaneyslu ungs fólks í Hafnarfirði var lögð fram til nefndarinnar í síðustu viku þar sem þetta kemur fram.

Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í 8., 9. og 10. bekk á Íslandi í febrúar og sáu kennarar um að leggja spurningalistana fram. Svörin voru ópersónurekjanleg. Áfengisdrykkja heldur áfram að hrynja, reykingar eru langt frá því að vera töff en aðeins eitt prósent hafnfirskra ungmenna í 10. bekk dregur að sér tóbaksreyk.

Fram kemur að 13,6 prósent ungmenna í 10. bekk í Hafnarfirði hafa prófað rafrettu. Landsprósentan er heil 17,8 prósent yfir þá sem hafa dregið að sér rafrettureyk. Hafnfirðingar eru einnig mun betri í að ala börnin sín upp án áfengis því aðeins 21,8 prósent 10. bekkinga hafa einhvern tímann drukkið áfengi á meðan landshlutfallið er 34,4 prósent. Kókaín og amfetamín eru einu eit-



Fram kemur að 13,6 prósent ungmenna í 10. bekk í Hafnarfirði hafa prófað rafrettur. Aðeins eitt prósent dregur að sér tóbaksreyk. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

urlyfin sem ná yfir eitt prósent yfir þá sem segjast hafa prófað fíkniefni á ævinni en athygli vekur að 4,6 prósent hafnfirskra ungmenna segjast hafa smakkað heimabrugg.

Er það í takt við landið allt. Alls segjast 6,5 prósent krakka í 10. bekk í Hafnarfirði hafa prófað marijúana á móti 5,9 prósentum yfir landið allt. **– bb**




**Bernhard - Honda á Íslandi** • Vatnagörðum 24 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.honda.is

**Umboðsaðilar:** Bílver, Akranesi, sími 431 1985 • Höldur, Akureyri, sími 461 6020 • Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535

# Óreiða og usli er Katalónarnir mættu

**Fimm katalónskir sjálfstæðissinnar sem hafa verið ákærðir fyrir uppreisn og setið í gæsluvarðhaldi í meira en ár mættu sem nýir þingmenn á spænska þingið í gær. Sóru stjórnarskrá hollustueið og kvöddust pólitískir fangar á meðan aðrir hrópuðu yfir ræðurnar.**

**SPÁNN** Tónninn var sleginn fyrir nýtt kjörtímabil þegar spænska þingið kom saman í fyrsta sinn í gær eftir kosningar aprílmánaðar. Þingmenn mættu þar til starfa, kusu þingforseta og sóru spænsku stjórnarskránni hollustueið. Það var hvorki friðar- né sáttatónn sem ríkti. Þess í stað einkenndist þessi fyrsti dagur nýs þings af óreiðu, ósætti og illvild.

Athygli þingmanna, fjölmiðla og flestra annarra beindist að fimm nýjum þingmönnum. Þeir Oriol Junqueras, Jordi Sanchez, Josep Rull og Jordi Turull mættu í neðri deild þingsins og Raül Romeva í þá efri. Fimmmenningarnir eru á meðal þeirra Katalóna sem hafa frá því í febrúar setið í hæstarétti þar sem réttað er yfir þeim og þeir sakaðir um uppreisn, skipulagða glæpastarfsemi, uppreisnaráróður og aðra glæpi sem þeir eiga að hafa framið í kringum sjálfstæðisatkvæðagreiðslu héraðsins haustið 2017.

Katalónarnir hafa setið í gæsluvarðhaldi í meira en ár. Þeir náðu kjöri til þings í apríl og fengu í síðustu viku leyfi til að yfirgefa fangelsið til að sækja innsetningarathöfnina. Hins vegar var þeim gert að mæta aftur í fangelsi að athöfninni lokinni og fá því ekki leyfi til þess að sinna þingstörfum.

Spænski miðillinn El País fjallaði ítarlega um atburðarásina í neðri deildinni í gær þegar þingmönnum var gert að sverja stjórnarskránni, sem Katalónarnir eru sakaðir um að hafa brotið gegn, hollustueið. Miðillinn vakti sérstaklega athygli á því hverju þingmenn mismunandi flokka bættu við hinn hefðbundna eið.

Þingmenn öfgaþjóðernishyggjuflokksins Vox mættu snemma og settust í sætin fyrir aftan starfandi forsætisráðherra, sem alla jafna eru ætluð samflokksmönnum hans, og sór Santiago Abascal, leiðtogi Vox, Spáni sjálfum sérstaklega hollustueið.

Meðlimir vinstriflokksins Podemos sóru lýðræði og jafnrétti sérstaklega sinn eið og sósíalistar lýðveldinu sjálfu. Juan López de Uralde, leiðtogi Græningja, sór svo „plánetunni allri“ hollustueið.

Hollustueiðar ákærðu Katalónanna fjögurra í neðri deildinni féllu í grýttan jarðveg í salnum, þá einkum á meðal þingmanna Vox. Eiðirnir heyrðust reyndar afar illa í sjónvarpsútsendingu og væntanlega þingsal sömuleiðis. Barið var í borð og heyra mátti þingmenn hrópa „út, út, út“, samkvæmt El País, á meðan Katalónarnir tóku til máls.

„Ég sver spænsku stjórnarskránni hollustueið sem lýðveldissinni, pólitískur fangi og vegna þess að mér ber lagaleg skylda til þess,“ sagði Oriol Junqueras, ákærður fyrrverandi varaforseti Katalóníuhéraðs.



**Oriol Junqueras, ákærður Katalóni, í þingsal í gær.** NORDICPHOTOS/AFP

Sanchez, Rull og Turull tóku í sama streng og sögðust aukinheldur sverja stjórnarskránni hollustueið með „það lýðræðislega umboð sem fékkst frá katalónsku þjóðinni í atkvæðagreiðslunni 1. október“ 2017.

Albert Rivera, þingmaður Borgaraflokksins og einn forystumanna katalónskra sambandssinna, tók til máls í kjölfarið og sagði málflutning hinna ákærðu „smána spænsku þjóðina enn á ný“. Hann fór fram á að þingmennirnir yrðu ávíttir sérstaklega. „Spánn er lýðræðisríki og hér eru engir pólitískir fangar,“ sagði Rivera.

## Þörf á viðræðum

Junqueras nýtti tækifærið sem fólst í tímabundnu leyfi frá fangelsi og ræddi við Perdo Sánchez forsætisráðherra í þinghúsinu, að því er katalónski héraðsmiðillinn ACN greindi frá. Sjálfstæðissinninn gekk að sæti forsætisráðherrans og átti við hann stutt spjall. Junqueras og Sánchez sammæltust þar um að þörf væri á viðræðum um ástandið. Katalónarnir hafa ítrekað farið fram á að málið verði leyst á pólitíska sviðinu en ekki fyrir dómstólum, án árangurs.

Ekki voru þó allir ósáttir við veru ákærðu í þingsal eða málflutning þeirra. Pablo Iglesias, leiðtogi Podemos, tók til að mynda hlýlega á móti Katalónunum.

Meritxell Batet, nýr forseti neðri deildar, katalónskur sambandssinni og þingmaður Sósíalistaflokksins, greip inn í og minnti á að hollustueiðar allra þingmanna hefðu verið í samræmi við reglugerðir þingsins og dóma stjórnlagadómstóls Spánar. „Hér ætti rökræðan og viskan að vera í fyrirrúmi, ekki öskur og vanvirðing,“ sagði Batet.

**thorgnyr@frettabladid.is**

LYFSALINN
Betri þjónusta - betra verð

REMA 1000

NÚ FÁST REMA BLEYJUR OG BARNAVÖRUR Í LYFSALANUM

Lyfsalinn er lítið fjölskyldufyrirtæki. Okkar markmið er að veita okkar viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu og bjóða gott vöruúrval á hagkvæmu verði.




Glæsibæ Álfheimum 74 105 Reykjavík Sími: 517-5500 www.lyfsalinn.is
Opnunartími: Virka daga: 8:30 - 18:00 Laugardaga: 10:00-14:00



Sumarsæla í Múrbúðinni
Gott verð fyrir alla, alltaf!
MÚRBÚÐARVERÐ
Kaliber PREMIUM GRILL
Kaliber gasgrill
3 brennarar (9kW).
Grillflötur 60x42cm
42.900
Grillbursti kr. 390
26.990
Öflugt og ódýrt
Kaliber Black gasgrill
3 brennarar (9kW).
Grillflötur 41x56cm
Grill yfirbreiðslur
Verð 4.995-5.590
Grilláhöld 3 stk. í setti kr. 1.380
26.490
Lavor Space 180 háþrýstidæla
2500w, 180 bör
(275 m/túrbóstút)
510 L/klst
Pallahreinsir, hringbursti, felgubursti og aukaspíssar fylgja.
Made by Lavor
Kaliber gasgrill
4 brennarar, (12kW)
Grillflötur 62x41cm
57.900
Vagn fyrir ferðagasgrill
12.900
Þrýsti-jafnarar fylgja öllum grillum
Kaliber Ferðagasgrill
24.590
2 brennarar (5kW)
Grillflötur 53x37cm
54.990
Kaliber Red
4 brennara (12KW) + hliðarhella (2.5KW).
Grillflötur 41x56cm
12.490
Lavor One Plus 130 háþrýstidæla
1800w, 130 bör (170 m/turbústút)
420 L/klst.
29.990
Lavor Vertico háþrýstidæla
Orka: 2100W-230V-50Hz
Hámarksþrýstingur: 140 bör Max
Vatnsflæði: 400 L/klst. Max
44.900
MOWER CJ18
BS 3,5hp Briggs&Stratton mótor, rúmtak 125 CC, skurðarvídd 46cm/18".
Safnpoki að aftan 60 L, skurðhæð og staða 25-80mm/10
74.900
MOWER CJ20
Sláttuvél m/drifi, BS 6,0 hp Briggs&Stratton mótor. Rúmtak 163 CC, skurðarvídd 53cm/21", sjálfknúin 3,4 km/klst., safnpoki að aftan 70 L, hliðar útskilun, skurðhæð og staða 25-80mm/8
Steypugljái á stéttina – þessi sem endist
BRIGGS & STRATTON
67.900
MOWER CJ20G
Sláttuvél m/drifi, Briggs&Stratton mótor, rúmtak 150CC, skurðarvídd 51cm 20" Safnpoki að aftan 65L, hliðarútskilun. Skurðhæð og staða 25-75mm/8
24.900
Sláttuorf Mow FBC310
Sláttuorf: 1cylinder loftkældur mótor. 0,7 kW Rúmtak 31CC, Stærð bensíntank 0,65 L
Gróðurmold 20 l.
560
40 l kr. 990
Bio Kleen
Pallahreinsir
1 líter
895
5L 2.990 kr.
Blákorn 5 kg
1.490
10 kg 2.390
Leca blómapottamöl 10 l.
990
Mikið úrval
Portúgalskir leirpottar
Opið laugardag kl. 10-16 á Kletthálsi og 10-14 í Reykjanesbæ
Fyrirvari um prentvillur.
Reykjavík Kletthálsi 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
netgíró
MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!






# Nýsköpun hjá nemendum

Grunnskólanemendur öttu kappi í Nýsköpunarkeppni grunnskólanna í gær. Anton Brink, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með.







# Fortíðarþrá



Ólöf Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

„Ekki spila með framtíðina okkar,“ eru skilaboð 272 ungmenna sem keyptu auglýsingu í vikunni til stuðnings áframhaldandi aðild Íslands að EES-samningnum sem af óskiljanlegum ástæðum er víða talaður niður um þessar mundir. Svo mjög, að þessum hópi ungs fólks blöskrar.

Hópurinn segir umræðu um EES-samninginn undanfarið hafa verið knúna áfram af ósannindum, nú síðast um þriðja orkupakkann. Þau segjast draga lærdóm af aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslu í Bretlandi um úrsögn Breta úr ESB og forsetakosningunum í Bandaríkjunum 2016, að ungt fólk hafi sofið á verðinum. Afleiðingarnar blasi við: Brexit og Trump. Þess vegna láti þau í sér heyra nú.

Áhugaverða dæmisögu í þessu samhengi ritaði Hilmar Þór Björnsson arkitekt, fyrir stuttu. Umfjöllunarefnið var hvernig EES-samningurinn breytti starfsumhverfi arkitekta. Þar segir Hilmar frá þeim veruleika sem blasti við þegar hann kom heim úr námi, ungur að árum. Á níunda áratugnum hafi verið hér starfandi örfáar sjálfstæðar arkitektastofur, við hlið ríkisteiknistofanna þriggja; teiknistofu Húsnæðismálastofnunar, Teiknistofu landbúnaðarins og teiknistofu Húsameistara ríkisins.

Þessar teiknistofur hins opinbera niðurgreiddu arkitektateikningar og skekktu samkeppni, svo ungir arkitektar sem vildu hasla sér völl um 1980 áttu erfitt uppdráttar. Arkitekt sem ekki laut höfði fyrir húsameistara ríkisins átti í grunninn enga möguleika.

Þær örfáu teiknistofur sem þó voru sjálfstæðar tengdust flestar, ef ekk i allar, valdablokkum; flestar Framsókn og Sjálfstæðisflokki, embættis- og stjórnmálamönnum. Tengsl og klíka voru forsenda þess að reka teiknistofu. Valdamenn og fylgitungl þjöppuðu sér saman og létu aðrar klíkur að mestu í friði með sitt. Svokölluð helmingaskipti.

Eftir að EES-samningurinn tók gildi 1994 breyttist allt, að sögn Hilmars. Skylda var að bjóða út verk á vegum hins opinbera. Klíkurnar misstu smám saman tökin á opinberum verkum. Nokkrum árum eftir gildistöku samningsins voru ríkisteiknistofurnar lagðar niður. Byggingarlistin varð betri – markaðurinn sanngjarnari.

Þessi dæmisaga sýnir svart á hvítu ástæðu þess að afturhaldsöflin sakna gamla tímans. Þegar þau deildu og drottnuðu og réðu öllu um það hverjir fengu stóru dílana, hvort sem um var að ræða vöru eða þjónustu.

Framtak hópsins sem fylkti sér á opnu Fréttablaðsins er mikilvægt. Stærstur hluti lífsgæða sem við teljum sjálfsögð er tilkominn vegna samskipta við umheiminn. Fátt hefur skipt meira máli í því en EES. Ekki þarf annað en að líta í kringum sig til að sjá það, hvort sem um ræðir úrval í matvöruverslunum eða snjallsímann í lófanum.

Eitt er ljóst. Fortíðarþrá afturhaldsaflanna snýst um eitthvað allt annað en hagsmuni heildarinnar. Það má hins vegar ekki gleyma því að ungur arkitekt í sömu sporum í dag myndi einfaldlega kjósa með fótunum.

**Þessi dæmisaga sýnir svart á hvítu ástæðu þess að afturhaldsöflin sakna gamla tímans. Þegar þau deildu og drottnuðu og réðu öllu um það hverjir fengu stóru dílana.**

## Halldór




## Frá degi til dags

**Þriðji orkudrykkurinn**

**Svefnvenjur geta verið afar misjafnar. Sum spila tölvuleiki fram yfir miðnætti og vakna um hádegi, önnur vakna eldsnemma til að fara í ræktina og svo má ekki gleyma þeim sem verja nóttunum í að tala út í tómið um þriðja orkupakkann. En þótt Miðflokkur og Flokkur fólksins séu ekki par hrifnir af orkupakkanum, og þótt samherjar þeirra á veraldarvefnum rífi umræðuna niður í ræsið með umræðum á borð við „[þ]essi kella á ekki að opna munninn“ nær andstaðan ekki til orkudrykkja enda slíkir reynst mörgum vel þegar vaka á lengi. Þetta mátti sjá á mynd úr fundarherbergi Miðflokksins þar sem vökunótt var undirbúin og dós af hvítum Monster stóð á milli þeirra Sigmundar Davíðs og Bergþórs Ólasonar.**

**Siðanefnd**

**Björn Leví Gunnarsson Pírati vakti athygli á því á þingi í gær að fyrri ummæli hans um endurgreiðslur hefðu verið misskilin þar sem hann var ekki brotlegur að mati siðanefndar öfugt við kollega hans Þórhildi Sunnu Ævarsdóttur sem lét ummæli sem voru „innihaldslega þau sömu“ falla. Því næst endurtók hann ummæli Þórhildar. Sama hvað manni finnst um innihaldið er skrýtið að nefndin komist að sitt hvorri niðurstöðunni.**

thorgnyr@frettabladid.is

# Aðgerðir í þágu lífríkis



Guðmundur Ingi GUðbrandsson
umhverfisráðherra

Í dag er alþjóðlegur dagur lífríkisins eða líffræðilegar fjölbreytni. Samkvæmt nýrri skýrslu Sameinuðu þjóðanna hefur lífríki og vistkerfum hnignað mikið á undanförnum áratugum. Það er skrítið til þess að hugsa að tegundir sem við öll þekkjum hérlendis skuli eiga á hættu að deyja út. Þetta á meðal annars við um landselinn, skúminn, lundann og fleiri sjávarfugla. Hvað er til ráða?

Við þurfum að grípa til róttækra aðgerða. Þær þurfa að snúast um að auka vernd búsvæða lífvera, tryggja betur sjálfbæra nýtingu auðlinda og endurheimta lífríki og vistkerfi. Samhliða þarf að berjast af krafti gegn loftslagsbreytingum. Vinna við alla þessa þætti stendur nú sem hæst hér á landi, auk þess sem norrænu umhverfisráðherrarnir hafa að mínu frumkvæði beitt sér fyrir því að þrýsta á ríki heims um metnaðarfyllri aðgerðir á alþjóðavettvangi vegna lífríkisins og verndar þess.

Stjórnvöld vinna nú að átaki í friðlýsingum sem margar hverjar snúast um frekari vernd búsvæða. Nýleg friðlýsing Akureyjar er dæmi um vernd búsvæðis lundans. Verið er að vinna úr tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands um frekari búsvæðavernd fyrir fugla og vernd vistgerða, auk þess sem unnið er að endurskoðun löggjafar um villt dýr sem gefur tækifæri til að styrkja vernd stofna sem eru í hættu.

Hringrásarhagkerfið er mikilvægur þáttur í að stuðla að sjálfbærari nýtingu auðlinda og í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu er nú unnið að innleiðingu þess. Þar er meðal annars reynt að auðvelda neytendum að velja umhverfisvænni vöru og unnið að skilvirkri úrgangsstjórnun sem miðar að því að nýta úrgang sem efnivið í frekari framleiðslu á vörum og efni. Loks er endurheimt lífríkis með landgræðslu, skógvernd og endurheimt votlendis mikilvægur hluti af aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum. Fyrir dyrum stendur að vinna landsáætlanir bæði í landgræðslu og skógrækt á grunni nýsamþykktra laga sem munu enn frekar styðja við þessi áform.

Stjórnvöld hafa því tekið vernd lífríkisins föstum tökum.

**Aðgerðir þurfa að snúast um að auka vernd búsvæða lífvera, tryggja betur sjálfbæra nýtingu auðlinda og endurheimta lífríki og vistkerfi.**




FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**RITSTJÓRAR:** Kjartan Hreinn Njálssson *kjartanh@frettabladid.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is.*
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
**MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Orkumarkaður fyrir neytendur



**Vilhjálmur Árnason**
þingmaður Sjálfstæðisflokksins

Hagkvæmt og skilvirkt viðskiptaumhverfi er grundvöllur efnahagslegrar velferðar hverrar þjóðar. Um raforkumarkað gilda sömu lögmál og gilda um aðra markaði; samkeppni leiðir af sér sterkari markað neytendum til hagsbóta, bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Nú stendur fyrir dyrum að renna enn styrkari stoðum undir samkeppnisumhverfi íslensks raforkumarkaðs með innleiðingu þriðja orkupakkans, en löggjöfin er í anda sameiginlegrar stefnu aðildarríkja EES-samningsins um mikilvægi markaðsbúskapar.

Í aldarfjórðung hefur íslenskur almenningur og fyrirtæki notið góðs af EES-samningnum, samstarfi ESB og EFTA-ríkjanna. Samningurinn veitir Íslendingum aðgang að rúmlega 500 milljóna manna innri markaði ESB og á grundvelli fjórfrelsisins tryggir hann frjálst flæði vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi og fjármagns. Samningurinn hefur á þessum tíma fært okkur frjáls og tollalaus viðskipti, leitt til aukinnar samkeppni samfélaginu til hagsbóta, hagvöxt og gert íslenskum almenningi kleift að velja sér búsetu innan svæðisins, stunda nám og einfaldað ferðalög. EES-samningurinn hefur stutt ríkulega við útflutning Íslendinga, en markaðurinn sem samningurinn tekur til er okkur Íslendingum sá allra mikilvægasti; til EES-ríkja beinum við 65 prósent allra milliríkjaviðskipta okkar.

Innleiðing þriðja orkupakkans, sem hefur verið í meðförum Alþingis frá árinu 2010, í íslenskan landsrétt er Íslendingum til hagsbóta. Reglur hans leiða til aukinnar neytendaverndar og stuðla að aukinni samkeppni og jafnræði milli aðila, sem alla jafna stuðlar að lægra verði og betri þjónustu neytendum til handa. Þetta hafa dæmin sýnt, eins og innleiðing fjarskiptapakkans sem var leiddur í íslensk lög í gegnum EES-samstarfið.

EES-samstarfið tekur ekki til eignarhalds og meðferðar auðlinda og það mun ekki breytast með innleiðingu þriðja orkupakkans. Ákvarðanir um ráðstöfun eða nýtingu jarðhitans, vatnsafls eða vindorku verða áfram alfarið hjá Íslendingum. Enginn tekur ákvörðun um lagningu sæstrengs nema íslensk stjórnvöld. Sjálfstæðisflokkurinn hefur allt frá stofnun barist fyrir markaðshyggju og búið atvinnulífinu stöðugt umhverfi. Þess vegna styður Sjálfstæðisflokkurinn innleiðingu þriðja orkupakkans.

**Enginn tekur ákvörðun um lagningu sæstrengs nema íslensk stjórnvöld. Sjálfstæðisflokkurinn hefur allt frá stofnun barist fyrir markaðshyggju og búið atvinnulífinu stöðugt umhverfi.**

# Stöðvum feluleikinn



**Bergsteinn Jónsson**
framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi

Ofbeldi er ein helsta ógn sem steðjar að börnum á Íslandi. Rúmlega 80 þúsund börn búa hér á landi. Nýjar tölur frá Rannsóknum og greiningu benda til þess að fleiri en 13 þúsund þeirra verði fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi fyrir 18 ára afmælisdaginn sinn. Sum hver daglega. Afleiðingar þess að verða fyrir ofbeldi sem barn eru margfaldar á við fullorðna. Það sýna gögn sem bæði Stígamót og UNICEF á Íslandi hafa safnað.

Á Íslandi ríkir feluleikur þegar kemur að ofbeldi gegn börnum. Hann birtist meðal annars í því að fullorðnir bregðast of sjaldan við þegar þau grunar að barn sé beitt ofbeldi. Í flestum tilfellum veit fólk ekki til hvaða aðgerða er best að taka. Feluleikurinn birtist í því að börn þora oft ekki að segja frá. Feluleikurinn birtist auk þess í því að stjórnvöld hafa hingað til ekki tekið á ofbeldi gegn börnum af nægilegri festu og ekki haft fullnægjandi eftirlit með umfangi vandans.

Í ljósi þessa kallar UNICEF eftir byltingu fyrir börn. Við þurfum öll að taka höndum saman til að stöðva feluleikinn, læra að bregðast við ofbeldi og þrýsta jafnframt á stjórnvöld að standa vaktina. Við hvetjum alla sem láta sig velferð barna varða að fara á slóðina www.unicef.is og skrifa undir ákall okkar. Saman sköpum við breiðfylkingu fólks á Íslandi sem heitir því að breyta samfélaginu fyrir börnin okkar. Breiðfylkingu hugsjónafólks sem vill læra hvernig á að bregðast við þegar grunur leikur á að barn sé beitt ofbeldi.

UNICEF á Íslandi mun nota slagkraftinn sem myndast með undirskriftunum til að þrýsta á ríki og sveitarfélög að berjast enn harðar gegn ofbeldi gegn börnum. Við þurfum öll að taka höndum saman til að stöðva feluleikinn!

**Afleiðingar þess að verða fyrir ofbeldi sem barn eru margfaldar á við fullorðna.**




Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Frábært að fá þessa leiki

**Íslenska kvennalandsliðið í körfubolta hefur fyrsta verkefni sitt undir stjórn Benedikts Guðmundssonar eftir helgi á Smáþjóðaleikunum. Aðspurður segir Benedikt að það gangi vel að byggja upp nýtt landslið.**

**KÖRFUBOLTI** Fyrsta verkefni íslenska kvennalandsliðsins undir stjórn Benedikts Guðmundssonar hefst eftir helgi þegar Ísland hefur leik á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi. Þar mætir íslenska liðið Möltu, Svartfjallalandi, Lúxemborg, Mónakó og Kýpur á fimm dögum og fær sigurvegari riðilsins gullverðlaunin að launum. Þetta eru fyrstu leikir liðsins eftir að Benedikt tók við liðinu af Ívari Ásgrímssyni fyrr í vetur.

Alls voru 25 leikmenn í fyrsta æfingahóp liðsins sem hefur æft saman undanfarnar tvær vikur áður en þjálfarateymið tilkynnti tólf manna lokahóp í vikunni. Að sögn Benedikts gengu æfingarnar vel og náðist góður árangur þrátt fyrir að tíminn væri knappur.

„Hingað til hefur allt gengið vel. Auðvitað þegar maður kemur nýr inn er margt sem maður vill leggja áherslu á. Við erum búin að fara vel yfir þá hluti í vörn og sókn sem við viljum leggja áherslu á í leikjum. Maður þarf að líka að vera varkár og reyna ekki að koma að of miklum upplýsingum í einu sem getur flækst fyrir.“

Aðspurður segist Benedikt hafa átt erfitt með að skera niður í tólf leikmenn fyrir Smáþjóðaleikana.

„Það var erfitt að skera niður, við vildum skoða marga leikmenn, þar á meðal stelpur sem voru ekki á Íslandi í vetur. Við vildum sjá hverjar myndu henta vel inn í það sem við ætlum að gera. Þetta er búið að vera smá púsluspil að finna þá leikmenn sem henta í það sem við viljum gera. Við byrjum í raun á núlli sem nýtt þjálfarateymi og það fengu allir leikmennirnir tækifæri.“

Ísland hefur leik gegn Möltu, liði sem vann stórsigur á Íslandi síðast þegar liðin mættust á Smáþjóðaleikunum.



**Benedikt Guðmundsson ræðir hér við leikmenn sína í æfingabúðum landsliðsins á dögunum.** MYND/KKÍ

> **Við erum búin að fara vel yfir þá hluti í vörn og sókn sem við leggjum áherslu á í leikjum.**
>
> Benedikt Guðmundsson

„Við erum búin að kynna okkur Möltu vel og Svartfjallaland þekkjum við ágætlega. Hin liðin munum við skoða nánar þegar við komum út til Svartfjallalands.“

Benedikt tekur því fagnandi að fá þessa leiki sem undirbúning fyrir undankeppni EM sem hefst í vetur.

„Það er frábært að fá þessa keppnisleiki. Það hefði ekki verið gott að byrja strax á leikjum í undankeppni Evrópumótsins. Við viljum prófa ákveðna leikmenn og ákveðna hluti inni á vellinum og á sama tíma lærir maður sem þjálfari inn á leikmenn sína í leikjum og þær inn á það sem við ætlumst til af þeim. Fyrir okkur í þjálfarateyminu er frábært að fá leikina á Smáþjóðaleikunum,“ segir Benedikt og bætir við:

„Svartfjallaland hefur ekki alltaf sent lið til keppni en ég fagna því að þær verði með. Þær eru að fara á EM og verða erfiðar viðureignar. Auðvitað minnka líkurnar á því að við vinnum mótið en ég er ekki bara að horfa á það í hvaða sæti við lendum, ég er meira að horfa á að liðið taki framförum og komi fyrir vikið enn sterkara inn þegar undankeppni EM hefst.“

Tveir nýliðar eru í hópnum.

„Þóranna er búin að vera mikið meidd í vetur en heillaði okkur upp úr skónum á æfingunum rétt eins og Sigrún. Þær hafa báðar verið mjög flottar á æfingum og það verður gaman að sjá þær þegar komið er í leikina.“ **kristinnpall@frettabladid.is**

## Nýjast

**Pepsi Max-deild kvenna**

**KR - ÍBV 2-1**
1-0 Lilja Dögg Valþórsdóttir (13.), 2-0 Ingunn Haraldsdóttir (45.), 2-1 Cloé Lacasse (78.)
**Rautt spjald:** Laufey Björnsdóttir, KR (37.)..

**Þór/KA - Breiðablik 1-4**
0-1 Hildur Antonsdóttir (28.), 0-2 Agla María Albertsdóttir (35.), 0-3 Berglind Björg Þorvaldsdóttir (53.), 1-3 Sandra Mayor (68.), 1-4 Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir (81.).

**Selfoss - Keflavík 3-2**
1-0 Barbára Sól Gísladóttir (3.), 1-1 Sophie McMahon Groff (29.), 1-2 Sveindís Jane Jónsdóttir (34.), 2-2 Grace Rapp (69.), 3-2 Hólmfríður Magnúsdóttir (90.).

**HK/Víkingur - Valur 0-4**
0-1 Elín Metta Jensen (45.), 0-2 Elísa Viðarsdóttir (55.), 0-3 Guðrún Karítas Sigurðardóttir (80.), 0-4 Mist Edvarsdóttir (88.).

## Tímabilið undir hjá Haukum

**HANDBOLTI** Haukar eru með bakið upp við vegg og einfaldlega verða að vinna fjórða leikinn í einvígi liðsins gegn Selfossi í kvöld. Selfoss leiðir einvígið 2-1 eftir dramatískan sigur á Ásvöllum á sunnudaginn og getur tryggt sér meistaratitilinn með sigri í kvöld og um leið sent deildarmeistara Hauka í sumarfrí.

Til þessa hafa allir þrír leikirnir unnist á útivelli og skyldi enginn útiloka að Haukar nái að knýja fram oddaleik. Þetta verður þriðja viðureign liðanna á Selfossi á síðustu tveimur mánuðum og unnu Haukar báða fyrri leikina.

Takist Selfossi að sigra Hauka í kvöld verður það fyrsti Íslandsmeistaratitill Selfyssinga í handbolta. **– kpt**



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 22. maí 2019 | 20. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL









# Forskotið felst í innviðum kerfisins

Ragnhildur Geirsdóttir, forstjóri RB, segir að nýta þurfi sérstöðu Íslands þegar kemur að innviðum í fjármálakerfinu. Telur þess vegna þörf á að endurskoða hömlur á samstarf milli fyrirtækja á fjármálamarkaði. Íslendingar verið seinni en aðrir að tileinka sér farsímagreiðslur. Jákvætt skref að fá nýja hluthafa inn í RB. » 6-7

**Það er ekki víst að í framtíðinni verði hagkvæmt að nýta Keflavík sem skiptistöð, að minnsta kosti ekki í þeim mæli sem gert er í dag.**

FRETTABLADID/STEFÁN



»2

### Tveir umsækjendur efast um hæfi Sigríðar

Tveir umsækjendur um embætti seðlabankastjóra hafa skilað inn formlegri kvörtun vegna skipunar Sigríðar Benediktsdóttur í hæfisnefnd. Telja hana vanhæfa til að leiða nefndina á sama tíma og hún situr í bankaráði Landsbankans.

»4

### Ostaflögurnar njóta sívaxandi vinsælda

Lava Cheese náði markmiði sínu um 50 milljóna króna hópfjármögnun á aðeins fimm klukkustundum. Hafa hafið sölu í stórum matvörukeðjum í Svíþjóð og anna ekki eftirspurn.

»10

### Fjármálakerfið og lífskjarasamningar

„Lækkun á eftirlitsgjaldi til FME um 10% ásamt helmingslækkun á fjársýsluskatti á laun og hagnað umfram milljarð myndi geta lækkað vaxtamun vaxtaberandi eigna og skulda úr 2,6% niður í 2,3%," segir Katrín Júlíusdóttir, framkvæmdastjóri SFF, í aðsendri grein.




# Arion tók þátt í 3,7 milljarða hlutafjáraukningu Stoða

Arion banki, næststærsti hluthafi Stoða, tók þátt í nýafstaðinni hlutafjáraukningu fjárfestingafélagsins með því að leggja félaginu til rúmlega 700 milljónir króna í nýtt hlutafé og hið sama gerðu ýmsir lífeyrissjóðir sem eiga hver um sig lítinn hluta í Stoðum, samkvæmt heimildum Markaðarins. Eignarhlutur Arion banka í Stoðum, sem er eitt stærsta fjárfestingafélag landsins og hefur á síðustu vikum fjárfest í Símanum og Arion banka fyrir samanlagt um 9 milljarða, nemur núna liðlega 20 prósentum.

Landsbankinn, þriðji stærsti hluthafi Stoða, ákvað hins vegar að taka ekki þátt í hlutafjáraukningunni, sem fór fram með forgangsréttarútboði til hluthafa og lauk síðastliðinn fimmtudag, en bankinn átti um 15 prósenta hlut í fjárfestingafélaginu fyrir útboðið.

Samtals söfnuðust um 3,7 milljarðar króna í forgangsréttarútboðinu, samkvæmt heimildum Markaðarins, en hluthafar gátu greitt fyrir nýja hluti í félaginu með bæði reiðufé eða hlutabréfum. Hluthafar sem áttu um 85 prósent af útistandandi hlutafé félagsins tóku þátt í útboðinu. Eigið fé Stoða var 18,3 milljarðar króna í lok mars og nemur því núna eftir hlutafjáraukninguna, sem var ætlað að styrkja enn frekar fjárfestingargetu félagsins, um 22 milljörðum króna.

Markaðurinn upplýsti um það fyrir viku að Stoðir hefðu í hyggju að auka hlutafé félagsins um allt að fjóra milljarða króna. Þá var einnig greint frá því að þreifingar hefðu átt sér stað að undanförnu við hóp fjárfesta, meðal annars sjóðastýringarfyrirtækið Stefni, sem hafa lýst yfir áhuga á að kaupa hlut Arion banka í Stoðum.

Eignarhaldsfélagið S121, sem fer með meirihluta í Stoðum, lagði félaginu til um 2,3 milljarða króna í nýtt hlutafé og á núna um 64,6 prósenta hlut í fjárfestingafélaginu, eins og greint var frá í flöggun til Kauphallarinnar í liðinni viku. Félögin Helgafell, sem er stýrt af Jóni Sigurðssyni, stjórnarformanni Stoða, Einir, sem er í eigu Einars Arnar Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs og stjórnarmanns í TM, og Riverside Capital, sem er í eigu Örvars Kjærnested, stjórnarformanns TM, greiddu fyrir hlutafjárhækkun S121 í Stoðum með öllum bréfum sínum í tryggingafélaginu. Í kjölfarið eru Stoðir nú stærsti hluthafi TM með um tíu prósenta hlut. **– hae**

**750**
**milljónir króna var hagnaður Stoða á fyrsta ársfjórðungi 2019.**



**Jón Sigurðsson, stjórnarformaður Stoða.**

MARKAÐURINN
**ÚTGÁFUFÉLAG Torg**, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?
Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni líðandi stundar.
Fylgstu með á frettabladid.is




Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Sigríður var framkvæmdastjóri fjármálastöðugleikasviðs Seðlabanka á árunum 2011 til 2016. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kvarta undan skipan Sigríðar í hæfisnefnd

**Tveir umsækjendur um starf seðlabankastjóra hafa kvartað vegna skipunar Sigríðar Benediktsdóttur í hæfisnefnd. Telja hana vanhæfa vegna setu í bankaráði Landsbankans. Bar ákvörðunina ekki undir formann bankaráðs.**

Tveir umsækjendur um starf seðlabankastjóra hafa skilað inn formlegri kvörtun vegna skipunar Sigríðar Benediktsdóttur, hagfræðings við Yale-háskóla og bankaráðsmanns í Landsbankanum, sem formanns þriggja manna hæfisnefndar sem á að meta hæfi þeirra sem sóttu um embættið. Þannig gagnrýna þeir meðal annars, samkvæmt heimildum Markaðarins, að Sigríður leiði hæfisnefndina á sama tíma og hún sé í bankaráði Landsbankans enda eigi bankinn, sem stærsti viðskiptavinur Seðlabanka Íslands, verulegra hagsmuna að gæta sem snýr að ýmsum ákvörðunum Seðlabankans.

Forsætisráðuneytið vildi ekkert tjá sig um málið en kvartanirnar, sem bárust undir lok síðustu viku, eru nú til skoðunar hjá hæfisnefndinni og ráðuneytinu.

Annar þeirra sem hafa kvartað til ráðuneytisins yfir meintu vanhæfi Sigríðar, en hún var skipuð án tilnefningar af Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra, er Sturla Pálsson, framkvæmdastjóri markaðsviðskipta og fjárstýringar hjá Seðlabanka Íslands. Þau störfuðu saman um skeið í bankanum en Sigríður gegndi starfi framkvæmdastjóra fjármálastöðugleika á árunum 2011 til 2016.

**16**
**manns sækjast eftir embætti seðlabankastjóra sem losnar í ágúst næstkomandi.**

Í gagnrýni þeirra sem hafa lagt fram kvörtun yfir meintu vanhæfi Sigríðar er einnig vísað til þess að í 26. grein laga um Seðlabankann, þar sem fjallað er um skipan bankaráðs, er kveðið á um að ekki megi kjósa stjórnendur eða starfsmenn lánastofnana eða annarra fjármálastofnana sem eiga í viðskiptum við Seðlabankann til setu í bankaráði. Sömu sjónarmið, að mati þeirra umsækjenda sem hafa kvartað yfir meintu vanhæfi Sigríðar, ættu að eiga við um þá sem eru skipaðir í hæfisnefndina og hafa aðkomu að því að velja seðlabankastjóra.

Þá er að auki meðal annars bent á að fyrir liggi frumvörp sem gera ráð fyrir sameiningu Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og mun seðlabankastjóri, nái sú sameining fram að ganga, því bera æðstu ábyrgð á eftirliti með starfsemi fjármálafyrirtækja. Af þeim sökum séu uppi verulegar efasemdir um hæfi Sigríðar til að meta hæfi umsækjenda um embætti seðlabankastjóra, en tilkynnt var um skipan nefndarinnar 7. maí síðastliðinn, samhliða því að vera í bankaráði stærsta banka landsins.

Samkvæmt heimildum Markaðarins gætir óánægju innan Landsbankans með skipan Sigríðar í nefndina, ekki hvað síst að hún hafi samþykkt að taka starfið að sér án þess að bera það fyrst undir formann bankaráðs eða regluvörð bankans. Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs Landsbankans, sagðist í samtali við Markaðinn ekkert geta tjáð sig um málið.

Sigríður hefur setið í bankaráði Landsbankans frá því í mars 2017 en hún var skipuð í rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið sem skilaði af sér umfangsmikilli skýrslu vorið 2010.

Auk Sigríðar er hæfisnefndin skipuð Eyjólfi Guðmundssyni, rektor Háskólans á Akureyri, tilnefndum af samstarfsnefnd háskólastigsins, og Þórunni Guðmundsdóttur, hæstaréttarlögmanni og varaformanni bankaráðs, tilnefndri af bankaráði Seðlabanka Íslands. Ráðgert er að endanleg niðurstaða hæfisnefndarinnar liggi fyrir eigi síðar en 15. júní næstkomandi.

Samtals sóttu sextán manns um embætti seðlabankastjóra en skipunartími Más Guðmundssonar, sem hefur stýrt Seðlabankanum undanfarin tíu ár, rennur út í ágúst á þessu ári. **hordur@frettabladid.is**

# Greiða rúman milljarð króna í arð

Stjórn Keahótela, einnar stærstu hótelkeðju landsins, leggur til að greiddur verði ríflega einn milljarður króna í arð til hluthafa keðjunnar í ár, eftir því sem fram kemur í nýbirtum ársreikningi hennar. Hótelkeðjan hagnaðist um rúmar 484 milljónir króna í fyrra og dróst hagnaðurinn saman um 55 milljónir króna á milli ára.

Samkvæmt ársreikningi Keahótela, sem rekur tíu hótel víðs vegar um landið, þar á meðal Apótek og Borg, námu rekstrartekjur keðjunnar liðlega 4,0 milljörðum króna á síðasta ári borið saman við 3,1 milljarð króna árið 2017. Á móti jókst launa- og starfsmannakostnaður um 38 prósent á milli ára og var tæplega 1,5 milljarðar króna í fyrra en fjöldi ársverka var 261 á árinu. Þá jókst annar rekstrarkostnaður keðjunnar jafnframt um 34 prósent.



**Jonathan B. Rubini, stjórnarformaður Keahótela.**

EBITDA Keahótela – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um 574 milljónir króna í fyrra en til samanburðar var hún jákvæð um 587 milljónir króna árið áður.

Hótelkeðjan er sem kunnugt er í eigu eignarhaldsfélagsins K Acquisitions en að baki því standa bandaríska fasteignafélagið JL Properties með 25 prósenta hlut, bandaríska eignastýringarfélagið Pt Capital Advisors með 50 prósenta hlut og fjárfestingafélagið Tröllahvönn, sem er í eigu Andra Gunnarssonar, Kristjáns M. Grétarssonar, Fannars Ólafssonar og Þórðar Hermanns Kolbeinssonar, með 25 prósenta hlut.

Eignir Keahótela voru tæpir 1,8 milljarðar króna í lok síðasta árs en á sama tíma var bókfært eigið fé keðjunnar 1,0 milljarður króna og eiginfjárhlutfallið því 57 prósent. **– kij**








**AKTA**

Akta sjóðir hf.
Borgartúni 25
105 Reykjavík
Sími 585 6800
akta@akta.is

# Farðu þína eigin leið í sparnaði

## Akta Alviðra

Söguleg árleg ávöxtun*




Gerðu samanburð á
**www.keldan.is**

- Sjóðurinn er fjárfestingasjóður – fjárfestir í dreifðu safni verðbréfa
- Fjárfestingar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum
- Sveigjanleg stýring – tekur mið af aðstæðum hverju sinni
- Hentar þeim sem vilja ávaxta fjármuni til lengri tíma og kjósa virka stýringu
- Gengi sjóðsins getur sveiflast umtalsvert

Kynntu þér Akta sjóði á **www.akta.is**

***Fjárfestingu í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta þ.m.t. á tapi á höfuðstól og að ávöxtun verði ekki jákvæð. Athugið að ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Ávöxtun í fortíð gefur ekki vísbendingu um ávöxtun í framtíð.*** *Gengi sjóðsins getur sveiflast umtalsvert. Helstu áhættuþættir sem geta haft áhrif á gengi sjóðsins og virði höfuðstóls eru markaðsáhætta, skuldaraáhætta, gjaldmiðlaáhætta og lausafjáráhætta. Í útboðslýsingu og lykilupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.m.t. um áhættu og fjárfestingarheimildir. Þessar upplýsingar má finna á www.akta.is. Fjárfesting í fjárfestingasjóði er áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði enda eru heimildir fjárfestingasjóða rýmri en heimildir verðbréfasjóða. Ávöxtun sjóðsins byggir á gengi sjóðsins samkvæmt vörsluaðila hans. Söguleg ávöxtun byggir því á ávöxtun sjóðsins eftir greiðslu allra þóknanna og gjalda sjóðsins utan greiðslu gengismunar. Gengismunur er að hámarki 1,0%. Auglýsing þessi er aðeins til upplýsinga og skal ekki túlka sem fjárfestingarráðgjöf. Akta sjóðir hf. er sjóðastýringafyrirtæki sem annast rekstur og stýringu verðbréfa-, fjárfestinga- og fagfjárfestasjóða fyrir hönd viðskiptavina sinna skv. lögum nr. 128/2011. Félagið er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002.*

** Árleg ávöxtun frá og með stofnun sjóðsins 08.09.2017 til og með 17.05.2019.*




# Ostaflögurnar njóta vaxandi vinsælda

**Lava Cheese náði markmiði sínu um 50 milljóna króna hópfjármögnun á aðeins fimm klukkustundum. Hafa hafið sölu í stórum matvörukeðjum í Svíþjóð og anna ekki eftirspurn. Annar stofnandinn segir markið sett á að vera þekkt vörumerki á heimsvísu.**

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



The Snack Company, íslenska ostaflögugerðin, hefur tryggt sér minnst 66 milljóna króna fjármögnun til þess að styðja við öran vöxt fyrirtækisins á Íslandi og í nágrannalöndum. Fyrirtækið hefur landað samningum við stórar sænskar matvörukeðjur og stefnir á að ryðja sér til rúms á heimsmarkaðinum.

Vinirnir og viðskiptafélagarnir Jósep Birgir Þórhallsson og Guðmundur Páll Líndal standa að baki The Snack Company sem framleiðir Lava Cheese-ostaflögurnar. Þær eru framleiddar úr bráðnum og storknuðum osti eins og margir kannast við af samlokugrillinu en út frá því kviknaði einmitt hugmyndin.

„Sumarið 2016 vorum við að fá okkur bjór og grillaðar samlokur. Fyrst plokkuðum við ostinn af samlokugrillinu til að borða hann og þá fórum við að velta fyrir okkur hvers vegna það væri ekki verið að gera snakk úr þessu,“ segir Jósep Birgir í samtali við Markaðinn. Þá hófust tilraunir og úr varð heimagerð útgáfa af ostaflögunum með chili-bragði.

„Við fórum með þær niður í miðbæ Reykjavíkur og vorum með tíu búðir á lista sem við vildum kynna þetta fyrir. Pælingin var að ef ein þeirra vildi selja þetta þá væri þess virði að þróa hugmyndina áfram. Það varð síðan raunin að fyrstu tvær búðirnar pöntuðu miklu meira en við bjuggumst við þannig að við vorum komnir í smá vanda,“ segir Jósep.

Þeir Guðmundur pöntuðu sérstakan ofn af netmarkaðstorginu Ebay til að framleiða fleiri flögur. Þeir leituðu einnig ráða hjá Matís sem kenndi þeim allt sem kunna þarf um framleiðsluna enda er bakgrunnur þeirra í verkfræði og lögfræði.



Vinirnir fengu hugmyndina eftir að hafa plokkað ost af samlokugrilli.

„Jólin 2016 tókum við þátt í matarmarkaði Búrsins og varan fékk góða umfjöllun. Stuttu síðar var röð í básinn okkar og allt seldist upp. Eftir það varð sprenging í eftirspurninni og við höfum glímt við að halda í við hana síðan.“

Næsta árið var vöxturinn fjármagnaður úr vasa þeirra tveggja en jólin 2017 lönduðu þeir hlutafjáraukningu upp á 35 milljónir króna frá eiganda eins stærsta matvælafyrirtækis Íslands. Fjárfestingin gerði þeim kleift að þrefalda söluna hérlendis og koma á fót framleiðslu í Svíþjóð. Þar hefur The Snack Company hafið sölu í verslunum matvörurisa á borð við ICA, Hemköp og Coop.

Jósep segir að miklum vexti hafi fylgt miklar áskoranir. „Það kostar mikið að vaxa fyrir framleiðslufyrirtæki vegna þess að þú þarft að kaupa í framleiðsluna löngu áður en þú getur selt hana. Við fáum fyrirspurnir í hverri viku frá heildsölum um að hefja sölu á vörunni. Ef maður segir já við öllum þá springur þetta. Við þurfum að skipuleggja vel hvernig hægt er að ná sem mestri útbreiðslu án þess að brenna sig á því.“

### Brenna bragðið sérkenni

Útbreiðsla á Norðurlöndunum er aðeins byrjunin, en The Snack Company er að klára undirritun samninga við danska dreifingarrisann Geia Foods sem dreifir matvælum um öll Norðurlöndin. Við upphaf þess samstarfs er búist við að útbreiðsla Lava Cheese fimmfaldist og ef allt gengur að óskum mun Geia sjá um dreifingu á stórum hluta Norðurlanda. Jósep segir að markmiðið sé að vera þekkt vörumerki á heimsvísu.

„Þetta er nýr markaður og við trúum því að ef við höldum rétt á spöðunum og náum að vaxa nógu hratt getum við verið tengdir við þennan snakkmarkað eins og kók er tengt við gos,“ segir Jósep. Spurður um keppninauta segir hann að nokkur fyrirtæki framleiði ostaflögur, aðallega í Bandaríkjunum, en ekkert með brennda bragðinu sem einkennir Lava Cheese.

The Snack Company selur þrjár bragðtegundir af ostaflögum; Chili-ost, reyktan ost, og venjulegan cheddar-ost. Frá stofnun fyrirtækisins hafa selst 190 þúsund kassar af Lava Cheese fyrir alls 72 milljónir. Íslenskar verslanir hafa gefið vilyrði fyrir 25 þúsund kassa sölu á mánuði sem er tvöfalt meira en framleiðslugeta fyrirtækisins er í dag á Íslandi.

### Ketó-æðið knúði eftirspurn

Þá segir Jósep að vaxandi áhugi á ketó-mataræðinu hafi ýtt undir sölu á ostaflögunum.

**Tekjur Lava Cheese**

Tekjur og væntar tekjur af Lava Cheese í milljónum evra.




„Við tókum eftir því að fólk tengt LKL- og ketó-mataræðinu sýndi Lava Cheese mikinn áhuga. Þegar við skoðuðum leitarsögu ketó og LKL á Google kom í ljós skemmtileg tilviljun, en leitirnar fóru að taka mikið stökk á sama tíma og við stofnuðum félagið. Þessi markaður hefur átt í miklum vanda með að finna snakk sem passar í lágkolvetnafæðið og smakkast vel. Lava Cheese er fullkomið fyrir þann hóp.“

Markmið Jóseps og Guðmundar var að safna minnst 350 þúsund evrum og það náðist á innan við 5 klukkustundum þó að fresturinn hafi verið 30 dagar. Nú er fjármögnunin komin upp í 477 þúsund evrur en hún getur hæst farið upp í 650 þúsund. Stefnt er að því að klára fjármögnunina upp í hámarkið.

Fjármögnunin fór í gegnum eistneska fjárfestingarvettvanginn Funderbeam sem hefur nýlega komið starfsstöð á fót hér á landi. Funderbeam er markaðstorg fyrir fjárfestingar í sprotafyrirtækjum sem gerir fjárfestum kleift að fjárfesta smærri og stærri upphæðir í óskráðum félögum og eignast hlut.

Finndu draumaeignina á Spáni fyrir aðeins 30.000* kr. á mann.




Ferðin felur í sér:
- Persónulegan eignalista samkvæmt fyrirfram ákveðnu verðþaki.
- Flug fram og tilbaka frá Keflavík til Alicante.
- Akstur milli flugvallar og hótels.
- Gistingu á 4* hóteli í 3 nætur.
- Morgunverð og hádegisverð meðan á skoðun stendur.
- Kynningu á ólíkum svæðum.
- Við komum á fundi með enskumælandi lögmanni og bankafulltrúa komi til kaupa.
- Við komum þér í samband við leigumiðlun, óskirðu þess.
- Eftirsöluteymið okkar kemur til með að aðstoða þig við húsgagnakaup og annað sem tengist eigninni þinni.

(*) Ákveðin skilyrði eru sett. Biddu okkur um nánari upplýsingar.

medland
www.medlandspann.is
+354 800 4149

## Samkaup buðust til þess að hafa opið á næturnar

Forsvarsmenn Samkaupa, þriðju stærstu matvörukeðju landsins, buðust til þess hafa tvær verslanir á annars vegar Akureyri og hins vegar í Reykjanesbæ opnar allan sólarhringinn í sex mánuði og hafa jafnframt sama verð í sambærilegum verslunum keðjunnar um allt land til þess að liðka fyrir kaupum hennar á tveimur verslunum Basko í bæjarfélögunum. Samkeppniseftirlitið taldi sáttatillögur Samkaupa ekki ganga nógu langt til þess að leysa þau samkeppnislegu vandamál sem annars myndu leiða af kaupunum og ógilti þau.

Þetta er á meðal þess sem fram kemur í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í málinu sem birt var í síðustu viku. Í ákvörðuninni tekur eftirlitið sérstaklega fram að tillögur Samkaupa myndu ekki breyta þeirri staðreynd að með kaupunum hyrfi Basko, sem hefur rekið verslanir undir merkjum Iceland og 10-11, af matvörumarkaði og keppinautum fækkaði úr þremur í tvo á Akureyri og úr fjórum í þrjá í Reykjanesbæ.

Stjórnendur Samkaupa, sem keyptu í fyrra tólf verslanir Basko á höfuðborgarsvæðinu, töldu hins vegar ekki forsendur til þess að bjóða fram skilyrði sem gengju lengra og bentu á að sáttatillögur keðjunnar væru henni verulega íþyngjandi, „enda hefðu nýlega verið samþykktir kjarasamningar sem sköpuðu verulega óvissu í rekstri verslananna og leiddu þeir sérstaklega til þess að næturopnun yrði félaginu enn þungbærari en áður hefði verið,“ eins og segir í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins.



Samkaup reka verslanir Nettó. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Matvörukeðjan taldi að sáttatillögur hennar hefðu verið til þess fallnar að mæta þeim vanda sem eftirlitið taldi að stafaði af kaupunum, svo sem að þau myndu leiða til minni samkeppni á kvöldin og næturnar og eins þegar kæmi að verðlagningu. Eftirlitið lýsti sig ósammála því og sagði forsendur vart standa til þess að samþykkja kaupin á grundvelli hegðunarskilyrða. – kij

# Síminn vísar ásökunum um sérhagsmunagæslu á bug

Forsvarsmenn Símans vísa á bug ásökunum um að tillaga fjarskiptafélagsins til að útvíkka lagafrumvarp um uppbyggingu háhraða fjarskiptaneta – þannig að opinberum fyrirtækjum verði skylt að veita fjarskiptafélögum aðgang að svörtum ljósleiðara – sé í þeim eina tilgangi að bæta hag félagsins á kostnað annarra.

„Rétt innleiðing, eins og Síminn leggur til, felur ekki í sér að verið sé að færa Símanum sérhagsmuni, heldur kemur þessi leið öllu samfélaginu til góða og er til þess fallin að auka ábata neytenda af uppbyggingu aðila á vegum hins opinbera,“ segir í nýlegri umsögn Símans við frumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi.

Í frumvarpinu er lagt til að innleidd verði í íslenskan rétt Evróputilskipun um ráðstafanir til þess að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða fjarskiptanetum.

Áðurnefnd tillaga Símans hefur sætt gagnrýni af hálfu eftirlitsstofnana og keppinauta félagsins og sem dæmi skrifaði Heiðar Guðjónsson, forstjóri Sýnar, í grein í Fréttablaðinu í síðustu viku að með tillögunni væri verið að framlengja lóðrétt samþætta markaðsráðandi stöðu Símasamstæðunnar inn í ljósleiðaranet Gagnaveitu Reykjavíkur, þvert gegn inntaki tilskipunarinnar.



**Orri Hauksson, forstjóri Símans.**

Í umsögn Símans segir félagið umræðuna um frumvarpið vera komna á villigötur. Brýnt sé að koma henni á málefnalegri stað.

Fjarskiptafélagið bendir meðal annars á að aðgangur að svörtum ljósleiðara gefi öllum fjarskiptafélögum kost á að byggja upp eigin tæknilega innviði ofan á hinu óvirka lagi, þar sem langstærsti hluti stofnkostnaðar kerfisins liggi, og komast þar með dýpra í virðiskeðju fjarskiptaþjónustunnar.

Tillaga félagsins sé þannig til þess fallin að auka samkeppni á fleiri stöðum í virðiskeðju fjarskipta og bæta skilvirkni fjárfestinga.

Gagnaveita Reykjavíkur gerir í nýrri umsögn alvarlegar athugasemdir við tillögu Símans og segir félagið setja fram fullyrðingar sem hafi þegar verið hraktar af eftirlitsstofnunum.

„Það er ekki Símans að túlka hvað kunni að vera sanngjörn og eðlileg beiðni um aðgang að fjarskiptakerfi GR eða að koma aðgangskvöðum á GR í lög sem henta fyrst og fremst hans eigin starfsemi en hefta samkeppni á fjarskiptamarkaði,“ segir á einum stað í umsögninni. – **kij**

## Launin orðin fullhá miðað við aðstæður

Reglur Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi, sem kveða á um að kaupauki starfsmanna fjármálafyrirtækja megi að hámarki nema 25 prósentum af árslaunum þeirra, hafa stuðlað að því að grunnlaun í bankakerfinu eru orðin fullhá miðað við rekstrarforsendur. Þetta er mat greinenda Capacent.



**Stefán Pétursson, starfandi bankastjóri Arion banka**

Í nýju verðmati ráðgjafarfyrirtækisins um Arion banka, sem Markaðurinn hefur undir höndum, er bent á að rekstraraðstæður í bankakerfinu hafi á undanförnum tveimur til þremur árum verið allt aðrar en þær voru fyrir fimm til sex árum þegar bankarnir hafi skilað góðri afkomu vegna virðisaukningar útlána.

„Mikið launaskrið var í bönkunum á þessum árum en nú sitja bankarnir uppi með of há grunnlaun á sama tíma og það þrengir að í rekstri,“ segir í verðmati Capacent.

Bankarekstur sé sveiflukenndur og því geti of íþyngjandi reglur um kaupauka aukið á óstöðugleika líkt og of frjálslegar reglur.

Greinendur Capacent hafa hækkað verðmat sitt á Arion banka um tæplega 0,8 prósent og meta nú gengi bréfanna á 86 krónur á hlut en til samanburðar stóð gengið í 80,8 krónum á hlut eftir lokun markaða í gær. Jákvætt sé að kostnaðaraðhald í rekstri sé að skila árangri. – **kij**

## Frjálsi kominn í hóp stærstu hluthafa Arion

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Arion banka í hlutafjárútboði bankans síðasta sumar, hefur bætt við sig í bankanum og fer nú með 1,18 prósenta hlut í honum, samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa hans.

Er eignarhlutur lífeyrissjóðsins metinn á liðlega 1,7 milljarða króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í bankanum.

Til viðbótar hafa Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Stapi lífeyrissjóður bætt lítillega við sig í Arion banka og fer sá fyrrnefndi nú með 2,0 prósenta hlut og sá síðarnefndi 1,2 prósenta hlut.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu seldi breski vogunarsjóðurinn Attestor Capital hátt í þriggja prósenta hlut í bankanum fyrir um fjóra milljarða króna í síðustu viku. Eftir söluna fer sjóðurinn, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Arion banka í mars árið 2017, með um 2,9 prósenta hlut í bankanum. – **kij**




HÁSKÓLI ÍSLANDS | MBA
MBA við Háskóla Íslands
Gimli v/Sæmundargötu 2 • 101 Reykjavík
Sími: +354 525 4180 • mba@hi.is
THE WORLD UNIVERSITY RANKINGS
ASSOCIATION OF MBAS · BE IN BRILLIANT COMPANY



Ragnhildur Geirsdóttir, sem tók við starfi RB í byrjun þessa árs, segist hefði vilja sjá Íslendinga fljótari að tileinka sér farsímagreiðslur og vonar að vinsældir Apple Pay ýti við markaðinum. FRÉTTABLAÐIÐ

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is



# Pendúllinn sveiflast of langt í aðra áttina

**Ragnhildur Geirsdóttir segir tímabært að endurskoða hömlur á samstarfi fjármálafyrirtækja um innviði. Samkeppnisforskot felist í miðlægum kerfum þar sem þau séu illframkvæmanleg í stærri ríkjum. Rétt að fá fleiri fjárfesta að RB. Ekki víst að hagkvæmt verði í framtíðinni að nýta Keflavík sem skiptistöð.**

Grunninnviðir íslenska fjármálakerfisins hafa sérstöðu á heimsvísu og skapa þannig fjölda tækifæra sem við þurfum að grípa. Endurskoða þarf hömlur á samstarf fjármálafyrirtækja í þessu ljósi. Þetta segir Ragnhildur Geirsdóttir, sem tók við stöðu forstjóra Reiknistofu bankanna (RB) í byrjun árs, í viðtali við Markaðinn. Hún segist hefðu viljað sjá Íslendinga vera fljótari að tileinka sér farsímagreiðslur og vonar að vinsældir Apple Pay ýti við markaðinum. Þá telur Ragnhildur, sem var áður aðstoðarforstjóri WOW air, alls ekki víst að í framtíðinni verði hagkvæmt að nýta Keflavíkurflugvöll sem skiptistöð í þeim mæli sem það er gert í dag.

RB stóð að sinni árlegu vorráðstefnu á fimmtudaginn var, sem að þessu sinni var haldin í samstarfi við Fjártækniklasann. Þar var ljósi varpað á þá umbreytingu sem er að eiga sér stað á fjármálamörkuðum með tilkomu nýrrar tækni og samkeppni frá nýjum aðilum.

„Stefið á ráðstefnunni var að fólk og fyrirtæki þurfi að vera framsýn og taka virkan þátt í þeim breytingum sem eru að eiga sér stað. Þróunin er og verður að vera í átt að meira samstarfi á milli nýsköpunarfyrirtækja og fjármálafyrirtækja og því að skapa vettvang fyrir hugmyndir til að verða að veruleika. Það mun skila sér margfalt til baka í framtíðinni,“ segir Ragnhildur.

RB hefur þróað og rekur grunninnviði fyrir fjármálakerfið, til að mynda innlána- og greiðslukerfi og kröfupottinn sem er miðlægur grunnur fyrir útgáfu og greiðslu krafna.

„Hlutverk RB er meðal annars að halda grunninnviðunum skilvirkum, byggja ofan á þá, og gera fyrirtækjum í fjármálakerfinu auðvelt að nýta þá. Það sem gerir Ísland áhugavert í samhengi fjártækniþróunar er að við höfum góða innviði sem eru frjór jarðvegur fyrir þessar breytingar og yfirgripsmikla þekkingu sem er mikilvægt að nýta til áframhaldandi þróunar á þessu sviði. Við höfum lengi verið framarlega þegar kemur að þessum málum. Við höfum haft rauntímagreiðslur frá árinu 1983 en mörg fjártækniverkefni í löndum í kringum okkur snúast einmitt um það þessi misserin. Hér eru rafræn skilríki, miðlægur kröfupottur sem gerir okkur kleift að birta allar kröfur í heimabönkum og nær allir hafa gott aðgengi að internetinu. Þetta er alls ekki sjálfgefið. Innviðirnir eru til staðar og við þurfum að byggja á þeim og horfa fram á við,“ segir Ragnhildur.

„Við getum nýtt okkur smæð Íslands vegna þess að landið er lítið og við getum í ákveðnum tilfellum nýtt eitt kerfi fyrir alla aðila eins og t.d. með kröfupottinum. Núna er til dæmis miðlægur skuldagrunnur á teikniborði stjórnvalda sem ætlað er að gefa betri yfirsýn yfir skuldsetningu í efnahagslífinu. Þetta væri illframkvæmanlegt í löndum eins og Þýskalandi og Bandaríkjunum,“ segir Ragnhildur og bætir við að þessa sérstöðu megi einnig nýta til að gera úrbætur á eftirliti með peningaþvætti. Þannig geti náðst betri árangur með miðlægri vöktun og kerfi sem nær yfir allt fjármálakerfið en með núverandi fyrirkomulagi þar sem hver banki vaktar aðeins eigin kerfi og sér því aðeins hluta af heildarmyndinni.

Þá segir Ragnhildur að ekki megi gleyma því að til þess að skara fram úr á þessum sviðum þurfi áfram að leggja áherslu á menntun og að skapa umhverfi sem styður við nýsköpun.

„Við erum í dag með mjög metnaðarfulla háskóla sem standast vel samanburð við bestu háskóla í heimi. Hins vegar mætti hlutfall tæknimenntaðra sem útskrifast úr háskólum vera hærra. Sama gildir um fjárfestingu okkar sem þjóðar í rannsóknum og nýsköpun, þar má einnig gera betur. Þetta eru langtímamarkmið sem mikilvægt er fyrir okkur sem þjóð að huga að og mun skipta miklu máli til framtíðar til að auka samkeppnishæfni okkar, ekki bara á sviði fjármálamarkaðarins og upplýsingatækni heldur almennt sem þjóðar.“

### Jákvætt að fá nýja hluthafa

RB var stofnað árið 1973 og lengst af

## Tillögur um samstarf í hvítbókinni

Í hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið kemur fram að samstarf um trausta og hagkvæma fjármálainnviði sé leið að stærðarhagkvæmni. Til að vega á móti þeirri óhagkvæmni sem smæð hagkerfisins veldur sé mikilvægt að bankarnir geti átt samstarf um sameiginlega innviði, svo lengi sem slíkt samstarf skerðir ekki samkeppni þar sem henni verður við komið. Starfshópurinn sem skrifaði skýrsluna setti fram þrjár tillögur.

1 Skoðað verði að fella úr lögum það hlutverk Samkeppniseftirlitsins að veita undanþágu fyrir samstarfi, en viðkomandi fyrirtæki beri þess í stað ábyrgð á því að meta hvort skilyrði samkeppnislaga um samstarf séu fyrir hendi, líkt og gert hefur verið víða í Evrópu.

2 Fram fari mat á því hvaða kerfislega mikilvægu innviðir eigi að standa utan samkeppnisumhverfis til að tryggja þjóðhagsvarúð og hagkvæmni í bankakerfinu. Skoða má hvort æskilegt sé að stjórnvöld gangi lengra í viðleitni til að auka samfélagslegan ábata af samstarfi í innviðum.

3 Í ljósi þess að minni kostnaður við alþjóðlega greiðslumiðlun er vaxandi hagsmunamál einstaklinga og fyrirtækja er mikilvægt að reynt verði að tryggja Íslandi aðgang að innviðasamstarfi þvert á landamæri, svo sem norrænu og/eða evrópsku samstarfi um rauntíma greiðslukerfi.

**Sem dæmi þá er fjöldi erlendra greiðslna allra íslensku bankanna á einu ári sambærilegur við einn dag hjá Deutsche Bank.**

# Fólk

## Tíska

MIÐVIKUDAGUR 22. MAÍ 2019



# Sumarlegur kvenleiki í Bóel

Nú er aldeilis tíminn til að kaupa sér vandaðan og smart sumarfatnað frá hollenska hönnunarfyrirtækinu YAYA í versluninni Bóel, Skólavörðustíg 22. Dagana 22. til 30. maí gefst 25 prósenta afsláttur af öllum fatnaði og fylgihlutum frá YAYA ásamt veglegum og frískandi kaupauka fyrir andlitið. →2

Blómarósirnar Þuríður Ottesen og Eva Gunnarsdóttir í blómlegum fatnaði frá YAYA. Þuríður er eigandi Bóel. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

30% afsláttur
í hádeginu alla virka daga



SUSHI
Osushi
Tryggvagötu



Þær Eva og Þuríður hafa ekki undan að hengja upp nýjan og glæsilegan sumarklæðnað YAYA, enda einstaklega heillandi fatnaður fyrir konur sem vilja vera vel klæddar við öll sumarleg tilefni. Sumarlína YAYA býðst á 25 prósenta afslætti til 30. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

**Framhald af forsíðu** ➪

Við í Bóel höfum frá upphafi kappkostað að bjóða konum upp á vandaðan hönnunarfatnað, þar á meðal fatnað frá hollenska fyrirtækinu YAYA,“ segir Þuríður Ottesen, eigandi verslunarinnar Bóel við Skólavörðustíg 22.

„Fatalína YAYA er glæsileg grunnlína á ljómandi góðu verði. Hún passar einkar fallega með annarri hönnun og því er upplagt að kaupa sér YAYA-flík þegar fjárfest er í dýrari fatnaði, til dæmis frá japanska hönnuðinum Moyuru eða þýska hönnuðinum Rundholz, þar sem meira er lagt upp úr flóknum sniðum,“ upplýsir Þuríður.

## Stílhrein fegurð á góðu verði

YAYA hefur hannað sportlegan og vandaðan kvenfatnað síðan árið 1992.

„Ég valdi YAYA inn í Bóel vegna þess að fatnaðurinn er stílhreinn, fallegur og á góðu verði. YAYA er selt í fleiri en 2.500 verslunum víða um heim en flestar eru þær í Evrópu. YAYA er ekki bara frábær hönnun heldur eru einkunnarorð hönnuðarins hugarástand sem er hvorki bundið við aldur né persónur. Það er ánægjulegt að upplifa viðskiptavini koma aftur og aftur í búðina, jafnvel klædda í flíkur frá YAYA og til að eignast enn fleiri,“ segir Þuríður um hönnun YAYA, sem var sú sem hún þekkti hvað minnst til þegar verslunin var opnuð í fyrrahaust.

„Ég get með sanni sagt að hönnun YAYA hefur hlotið frábærar viðtökur, ekki síst fyrir gæði. Í síðustu viku kom inn glæný sending af vor- og sumarvörum og náðist varla að setja sumt á herðatré vegna þess hve flíkurnar féllu vel í kramið hjá viðskiptavinum,“ segir Þuríður og hlakkar til að bjóða velunnurum sínum glæsilegan sumarafslátt næstu daga.

„Við erum í óðaönn að ná að setja allt fram úr spennandi sumarlínu YAYA og allir sem kaupa fyrir meira en 10 þúsund krónur fá Rejoice-andlitskrem í kaupauka á meðan birgðir endast,“ upplýsir Þuríður.



**Espadrillur eru létt og sumarlegt skótau. Þær kosta frá 5.900 til 7.900 krónur en sætu sumarsandalarnir frá YAYA kosta 5.900 krónur.**



**Sumarsandalar frá YAYA eru einkar smart, klæðilegir og þægilegir. Þeir kosta 5.900 krónur en fást með 25 prósenta afslætti næstu daga.**



**Töff regnkápa frá YAYA kostar 16.700 krónur en af því verði reiknast 25 prósenta afsláttur til 30. maí.**



**Rejoice rakadagkremið frá Antipodes á Nýja-Sjálandi er sannkallaður fögnuður fyrir andlitið; milt, létt og frískandi. 60 ml. túpa kostar 5.500 krónur.**

## Hreinustu snyrtivörur í heimi

Í Bóel fæst líka hið rómaða Rejoice-rakakrem frá nýsjálenska fyrirtækinu Antipodes.

„Það er ánægjulegt að greina lesendum frá því að Antipodes er á lista yfir fimm hreinustu snyrtivörur veraldar. Það skiptir máli því það sem borið er á húðina fer inn í blóðrásina,“ segir Þuríður um Rejoice sem er milt, létt og næringarríkt dagkrem fyrir andlit.

„Kremið fyllir og örvar húðina þannig að hún fær heilbrigða og þétta ásýnd og fínlínum fækkar með aðstoð lárperuolíu. Þá stuðlar manuka-blómaolía að hreinni og sléttari áferð húðarinnar enda er manuka-jurtin þekkt fyrir heilsueflandi eiginleika sína. Það er líka efnasambandi lárperuolíunnar að þakka að svokallaðir „phytoterols“ fríska upp á þreytta og streitta húð,“ segir Þuríður um einstök áhrif Antipodes-kremsins.

Bóel er á Skólavörðustíg 22 í Reykjavík. Upplagt er að kíkja inn á Facebook-síðu Bóel og snjallt að líka við síðuna til að missa ekki af spennandi tilboðum og fréttum af nýjum fatnaði sem þar fer fram.

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** Torg ehf
**Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Benedikt Bóas Hinriksson,** benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Ásta Eir Árnadóttir,** astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Sólrún Freyja Sen,** solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Þú ert sigurvegari ef þú klárar námið

**Þessa dagana birtir Mímir auglýsingar í ljósvakamiðlum og á samfélagsmiðlum þar sem fyrrum nemendur hjá Mími deila með landsmönnum upplifun sinni af námi í Menntastoðum hjá Mími og hverju það hafi skilað þeim í lífinu.**



**Nemendur fá mikinn stuðning við námið enda oft stórt skref að setjast aftur á skólabekk eftir kannski langt hlé.**

Allir eru nemendurnir sammála um að námið hafi haft jákvæð áhrif á líf þeirra, gefið þeim aukið sjálfstraust til að láta drauma sína rætast, bæði hvað áframhaldandi nám varðar og störf sem þeir hafa haft augastað á en ekki látið verða af að sækja um eða eins og Hinrik Valur Thorvaldsson orðar það: „Eftir útskriftina hjá Mími þá fann ég meira sjálfstraust.“ Þá bendir Kolbrún Eva Viktorsdóttir á að áður en hún kom í Mími hafi hún verið heimavinnandi húsmóðir sem hafi látið sig dreyma um að komast í nám. Þegar Kolbrún Eva er beðin um að miðla af reynslu sinni til þeirra sem hafa áhuga á náminu segir hún að það eitt að klára námið sé stór sigur út af fyrir sig: „Þú ert sigurvegari ef þú klárar námið!“

## Saga hvers nemanda er einstök

Saga þessara nemenda endurspeglar upplifun fjöldamargra fullorðinna sem sækja námsbrautir framhaldsfræðslunnar hjá Mími. Þó að hver saga sé einstök þá eiga þær það sameiginlegt að lýsa sigrum þessa fólks á þeim hindrunum sem urðu á vegi þess í námi og ollu því að skólagangan varð brotakennd fram til þessa. Þeir tala allir um hversu mikilvægt það sé að fullorðnir eigi möguleika á að hefja nám að nýju jafnvel eftir áralangt hlé frá námi og fái viðeigandi stuðning til þess.

Það eru einmitt svona reynslusögur sem undirstrika mikilvægi framhaldsfræðslunnar í okkar samfélagi. Menntastoðir er þar vinsælasta námsbrautin og hafa á fjórða hundrað einstaklingar lokið henni hjá Mími á undanförnum þremur árum. Flestir sem skrá sig í Menntastoðir eru á aldrinum 25 til 30 ára og eiga það sameiginlegt að hafa lokið litlu eða engu námi á framhaldsskólastigi. Námið tekur á grunnfögum; íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og upplýsingatækni auk þess sem lögð er áhersla á að nemendur læri námstækni og efli sjálfstraust sitt.

Nemendur fá mikinn stuðning við námið enda oft stórt skref að setjast aftur á skólabekk eftir kannski langt hlé frá námi. Margir þeirra hafa jafnvel ákveðið með sjálfum sér að þeir eigi ekki erindi í bóklegt nám: „Ég hef aldrei klárað eitthvað,“ segir Hinrik Valur þegar hann lýsir einmitt þessu. Mikið er því lagt upp úr persónulegri þjónustu við nemendur og náms- og starfsráðgjöf, sem er þeim endurgjaldslaus.

Menntastoðir er vottuð



**Sólveig Hildur Björnsdóttir framkvæmdastjóri.**

námsbraut sem opnar leiðina til iðnnáms, stúdentsprófs eða inn í háskólabrýr en námið má meta til allt að 50 eininga í framhaldsskóla. Námið nýtur stuðnings úr Fræðslusjóði en til hans ákvarðar Alþingi fjárframlög á fjárlögum hvers árs. Meginhlutverk sjóðsins er beinlínis að styðja að því að í boði séu námstækifæri fyrir fólk með stutta formlega skólagöngu að baki.

## Setja sér markmið og ákveða næstu skref

Það er svo mikilvægt að þeir sem hafa upplifað brotakennda skólagöngu á yngri árum og jafnvel hætt námi fái annað tækifæri til náms þegar þeir eru sjálfir tilbúnir til þess. Þar á aldur ekki að skipta máli enda setur framhaldsfræðslan ekki önnur aldursmörk en að þeir sem hefji nám séu orðnir 18 ára. Þá þarf námið og aðstaða til námsins að taka mið af þörfum fullorðinna námsmanna sem oftar en ekki stunda námið samhliða vinnu og fjölskyldulífi.

Hvernig sem á það er litið er það samfélaginu verðmætt að hækka menntunarstig íslensku þjóðarinnar til aukinnar virkni í atvinnulífi og samfélaginu í heild. Margt hefur áunnist en við þurfum að gera enn betur til að ná yfirlýstu markmiði um að hlutfall fólks á vinnumarkaði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar verði ekki hærra en 10% árið 2020.



**Aldur skiptir ekki máli enda setur framhaldsfræðslan ekki önnur aldursmörk en að þeir sem hefji nám séu orðnir 18 ára.**



**Menntastoðir er vottuð námsbraut sem opnar leiðina til iðnnáms, stúdentsprófs eða inn í háskólabrýr en námið má meta til allt að 50 eininga í framhaldsskóla.**




**Þriðjudaginn 4. júní kl. 17.30 til 18.30 verður opið hús hjá Mími.**

Það er dásamlegt tilfinning að sjá nemendur blómstra í námi og lífi eftir að hafa sigrast á þeim hindrunum sem þeim hefur fundist vera óyfirstíganlegar, jafnvel árum saman. Að sjá nemendur útskrifast frá Mími fulla sjálfstrausts til að takast ótrauðir á við ný verkefni hvort sem er í námi eða starfi. Þessum nemendum hefur tekist að ná markmiðum sínum og hafa sýnt dýrmætan eldmóð og þrautseigju til að ná því sem stefnt var að. Það er nefnilega oft auðveldara að leyfa lífinu að renna bara áfram sinn venjulega farveg, án þess að grípa inn í og taka stjórn, án þess að ákveða hvernig þú vilt að líf þitt verði. Orð Kolbrúnar Evu í fyrirsögn þessarar greinar eru sönn því það er svo sannarlega sigur að klára nám eða annað ætlunarverk sitt.

## Opið hús hjá Mími

Þriðjudaginn 4. júní kl. 17.30 til 18.30 verður opið hús hjá Mími þar sem kennarar, náms- og starfsráðgjafar og verkefnastjórar munu kynna Menntastoðir hjá Mími og svara spurningum um námsbrautina sem hefst í haust bæði í staðnámi og fjarnámi. Við hvetjum alla áhugasama til að mæta. Þá er vert að benda á vefsíðu Mímis www.mimir.is þar sem hægt er að skrá sig í námið og/eða í náms- og starfsráðgjöf.

# Smáauglýsingar



## Bílar & Farartæki

**STÓRA BÍLASALAN**



TOYOTA Land Cruiser 150GX 33" breyttur. Árgerð 2018, ekinn 46 Þ.KM, Dísel, Sjálfskiptur. Verð 8.390.000. Rnr.137402.

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

**SUZUKI**



Suzuki mótorhjól. Komdu og kíktu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkari.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is**

**SPARIBÍLL**



Nýir Jeep Wrangler Á lager til afhendingar strax. Með öllum búnaði. Rubicon á 9.760.000,- Sahara á 9.440.000,- Golden Eagle á 8.740.000,- Langt undir listaverði !

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Bílar óskast

**VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?**
Kaupi bíla 25-350þús
**Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka**

## Þjónusta

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
**Uppýsingar í síma 868-2055**

**PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA**
Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Bókhald

**BÓKHALD.**
Get tekið að mér bókhald og uppgjör fyrir smærri fyrirtæki, og einstaklinga. Upplýsingar í síma 899-2042

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

HSE Bókhald & Uppgjör slf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör.
Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

## Málarar

**Þakmálun**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628 & litaverk@gmail.com
Litaverk ehf

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar. Sími 694 7881, Janna.

## Spádómar

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

## Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**HÚSAVIÐGERÐIR**
ENDURBÆTUR OG NÝSMÍÐI
• Smíðavinna
• Múrvinna
• Málningarvinna
☎ 788 8870
eind@eind.is
Eind ehf

k2
LOFTSTOKKAHREINSUNIN
• FYRIRTÆKI
• FJÖLBÝLISHÚS
• SKIP
• VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**HUMBAUR**

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**
Opnanleg að framan.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**
Sturtanleg.
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**
Opnanleg að framan.
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 350.807 kr. án vsk., en með skráningu.



**Gerð 2331**
Opnanleg að framan.
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.
Verð: 431.452 kr. án vsk., en með skráningu.

**Topplausnir**
www.Topplausnir.is • S: 5177718
Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.
Heimasíða: www.topplausnir.is

## AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

**Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með tillögur á eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum í samræmi við 1. mgr. 41. gr. og 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

**1. *Ásar og Grundir, tillaga að breytingu deiliskipulags. Lyngás og Stórás.***
Breytingartillagan nær til svæðis sem að afmarkast af Lyngási til norðurs, Ásabraut til vesturs og suðurs og Stórási til austurs.
Tillagan gerir ráð fyrir því að á svæðinu rísi blönduð byggð með megináherslu á fjölbýli í stað atvinnuhúsnæðis eins og verið hefur. Hæð bygginga er frá 2 að 4 hæðum og að hámarksfjöldi íbúðareininga verður 390. Gert er ráð fyrir atvinnustarfsemi á neðstu hæðum bygginga við Lyngás.

**2. Garðahraun efra. Tillaga að deiliskipulagi fólkvangs.**
Tillagan nær til fólkvangs í Garðahrauni milli íbúðarbyggðar á Flötum og athafnasvæðis í Molduhrauni, frá Bæjargarði að Reykjanesbraut. Gert verður ráð fyrir göngu og hjólreiðastígum og stikuðum leiðum í samræmi við markmið friðlýsingar fólkvangsins.

**3. Bæjargarður. Tillaga að breytingun deiliskipulags.**
Tillagan gerir ráð fyrir göngu-og hjólreiðastíg í hrauninu sunnan Hraunhóla sem tengist stígakerfi við Fjarðarhraun. Sá stígur tengist göngu- og hjólreiðastíg sem tillaga að deiliskipulagi fólkvangsins Garðahraun efra gerir ráð fyrir frá núverandi stíg þvert yfir fólkvanginn.
Tillagan gerir einnig ráð fyrir 2 m háum girðingum umhverfis gervigrasvöll í Bæjargarði.

**4. Molduhraun. Tillaga að endurskoðuðu deiliskipulagi athafnasvæðis.**
Tillagan gerir m.a. ráð fyrir hækkun nýtingarhlutfalls, breytingum á kröfum um bílastæði og nýrri athafnalóð við Garðahraun.
Tillögunni er ætlað að leysa af hólmi gildandi deiliskipulag Molduhrauns.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 22.maí 2019 til og með 3. júlí 2019.
Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar **www.gardabaer.is.**
Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að senda inn athugasemdir við tillögurnar á netfangið **skipulag@gardabaer.is** eða í þjónustuver Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabæ, og skulu þær vera skriflegar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 3. júlí 2019.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar

GARÐABÆR
GARÐATORGI 7 • SÍMI 525 8500 • **GARDABAER.IS**



/STEFÁN

> Við erum langt á eftir öðrum þjóðum í þessum efnum sem er skrýtið miðað við það hversu nýjungagjörn við erum.

rekið með þeim hætti að kostnaðinum var skipt á milli fjármálafyrirtækja eftir notkun á kerfum. Árið 2011 var RB breytt í hlutafélag í sameiginlegu eignarhaldi fjármálafyrirtækja. Þessi ráðstöfun krafðist hins vegar sáttar við Samkeppniseftirlitið sem setti starfseminni þröng skilyrði.

„Samkeppni á þessum markaði er mikilvæg en smæðin gerir það að verkum að samstarf á sumum sviðum er bæði fjármálafyrirtækjunum og neytendum í hag. Sem dæmi þá er fjöldi erlendra greiðslna allra íslensku bankanna á einu ári sambærilegur við einn dag hjá Deutsche Bank. RB var stofnað á grundvelli samstarfs en á því varð nokkur breyting þegar félagið var hlutafélagavætt árið 2011. Líklegast hefur pendúllinn þá sveiflast of mikið í hinn endann. Sumt hefur gengið aðeins of langt og ég tel að það sé kominn tími til að endurskoða þetta fyrirkomulag," segir Ragnhildur.

„Til dæmis höfum við síðustu ár verið í risastórum breytingaverkefnum sem snúast um að skipta út innlána- og greiðslukerfum bankanna og innleiða nýtt grunnkerfi fyrir Seðlabankann. Þetta eru með stærri upplýsingatækniverkefnum sem hefur verið farið í á Íslandi. Ég tel að við höfum ekki átt nægilega gott samtal í upphafi þeirrar vegferðar m.a. út af þessum skilyrðum og hvernig við túlkuðum þau."

Stóru viðskiptabankarnir þrír eiga samanlagt tæpan 89 prósenta hlut í RB. Sáttin við Samkeppniseftirlitið fól hins vegar í sér að hluthafar byðu eignarhluti í RB reglulega til sölu í því skyni að stuðla að því að fyrirtækið væri ekki einungis í eigu keppinauta á fjármálamarkaði.

„Sáttin við Samkeppniseftirlitið kveður meðal annars á um að stóru hluthafarnir minnki sinn hlut en það hefur ekki enn gerst. Ég held að það sé jákvætt að fá inn nýja hluthafa. Í kringum fyrirtæki eins og RB er alltaf umræða um arðsemiskröfu á reksturinn en ekki síður það hlutverk okkar að vinna að hagræðingu í bankakerfinu í heild sinni. Þessi sjónarmið togast dálítið á. Ég er hins vegar á þeirri skoðun að þetta haldist í hendur og að það eigi alltaf að vera markmið að reka fyrirtæki með arðbærum hætti og það mun skila sér til viðskiptavinanna."

### Sótt úr mörgum áttum

*Hvernig geta stóru fjármálafyrirtækin aukið samkeppnishæfni sína til að halda í viðskiptavini sína?*

„Við þurfum að átta okkur á því að samkeppnin er ekki bara innanlands, hún kemur einnig að utan. Hverjar eru stærstu ógnanirnar við fjármálafyrirtæki? Það eru annars vegar tæknirisar, við sáum til dæmis Apple Pay tekið í notkun nýlega, og hins vegar smærri og sérhæfðari nýsköpunarfyrirtæki. Í Bretlandi hafa sprottið upp bankar sem sérhæfa sig t.d. í innlánum og bjóða betri vexti en almennt þekkist hjá bönkum þar í landi. Þetta er áskorunin sem stórir bankar standa frammi fyrir.

Það er verið að bjóða upp á afmarkaða þjónustu í nýjum fyrirtækjum sem geta rekið sinn rekstur á mjög skilvirkan hátt. Bankarnir þurfa því að vera mjög góðir á mörgum sviðum eða vinna meira með nýsköpunarfyrirtækjum til að efla þjónustu við viðskiptavini sína. Þeir þurfa líka að fylgjast vel með hvernig þarfir viðskiptavinanna eru stöðugt að breytast, en meðal þess sem hefur breyst síðustu misserin er áhersla á stafræna tækni, krafa um þjónustu hvar og hvenær sem er og persónumiðaða þjónustu.

Einnig tel ég mikilvægt að bankarnir hagnýti sér þá tækni og þróun sem er í gangi í hinum stóra heimi, en gríðarlega miklar breytingar eru að eiga sér stað á tæknisviðinu þessi misserin. Talið er að 90 prósent af þeim gögnum sem til eru hafi verið búin til á síðustu tveimur árum. Gríðarleg tækifæri eru í nýtingu gagna meðal annars í gervigreind og í margs konar líkanagerð og við ákvörðunartöku."

Eins og Ragnhildur nefnir geta viðskiptavinir Landsbankans og Arion banka nú tengt kredit- og debetkort sín við Apple Pay og Íslandsbanki hefur tilkynnt að Apple Pay sé á leiðinni hjá bankanum. RB hefur greiðslulausnina Kvitt á sínum snærum en hún var kynnt í október síðastliðnum. Ragnhildur hefði viljað sjá Íslendinga vera fljótari að tileinka sér farsímagreiðslur og vonar að vinsældir Apple Pay ýti við markaðinum.

„Við erum langt á eftir öðrum þjóðum í þessum efnum sem er skrýtið miðað við það hversu nýjungagjörn við erum. Ein ástæðan gæti verið sú að hér er meiri kortaútbreiðsla en víðast hvar eða að tæknilausnirnar hafi ekki verið nógu einfaldar í notkun. Vonandi ýtir Apple Pay við íslenska markaðinum og hraðar þessari þróun," segir Ragnhildur. Spurð hvort samkeppnin við Apple Pay muni reynast erfið fyrir Kvitt nefnir hún að þetta séu ekki alveg sömu lausnirnar.

„Kvitt gengur út á það að millifæra frá einum reikningi til annars, ólíkt Apple Pay sem er tengt korti. Kvitt er þannig skilvirkari og ódýrari leið sem byggir á innviðum í greiðslumiðlum. Það eru talsverðar breytingar væntanlegar á korta- og greiðslumörkuðunum, m.a. vegna innleiðingar á PSD2-löggjöfinni og það verður því áhugavert að fylgjast með hvernig mál muni þróast," segir Ragnhildur.

### Krefjandi tími hjá WOW air

Ragnhildur er verkfræðingur og viðskiptafræðingur að mennt. Hún lauk prófi í véla- og iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands árið 1995 og hélt síðan út til Bandaríkjanna þar sem hún lauk meistaraprófum í iðnaðarverkfræði og viðskiptafræði. Ragnhildur kom heim úr námi frá Bandaríkjunum árið 1998, þá 27 ára gömul, og hóf störf hjá Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem síðar rann inn í Íslandsbanka.

Eftir stutt stopp hjá bankanum lá leiðin til Flugleiða, sem síðar var nefnt FL Group. Hún var ráðin forstjóri FL Group snemma árs 2005 en lét af störfum sama ár, eftir nokkurra mánaða starf.

Ragnhildur var forstjóri plastvöruframleiðandans Promens á árunum 2005 til 2011, síðan framkvæmdastjóri Rekstrar og upplýsingatækni hjá Landsbankanum í fimm ár og aðstoðarforstjóri WOW air frá ágúst 2017 til janúar 2019.

*Hverjar hafa verið stærstu áskoranirnar á starfsferlinum?*

„Ég hef haft mjög gaman af þeim verkefnum sem ég hef tekist á við og verið heppin að vinna með mörgu öflugu fólki. Hvert fyrirtæki hefur haft sín tækifæri og áskoranir. Almennt séð finnst mér mikilvægt að horfast í augu við staðreyndir, skilja reksturinn vel og bregðast hratt við. Fjaðrafokið í kringum FL Group var áskorun fyrir mig persónulega. Svo var tíminn hjá WOW air krefjandi, sérstaklega síðustu mánuðina þegar reksturinn var orðinn mjög erfiður og blikur voru á lofti með fjármögnun fyrirtækisins. Á svona tímum lærir maður gríðarlega mikið sem gagnast manni svo í öðrum verkefnum."

*Hvernig berðu saman tímann hjá FL Group annars vegar og WOW air hins vegar?*

„Stuttu eftir að ég byrjaði hjá Flugleiðum áttu árásirnar á tvíburaturnana sér stað. Þá þurfti að endurskoða reksturinn og leiðakerfinu var breytt mikið á þeim tíma. Það var að mörgu leyti ekki ósvipað WOW. Við þurftum að spyrja okkur þeirrar spurningar hvernig reksturinn ætti að líta út til framtíðar svo að hann yrði arðbær. Allt kemur þetta á endanum niður á því að skilja grunnreksturinn, hver afkoma leiðanna sé, og hvernig hægt sé að gera reksturinn arðbæran. Það sama gilti hjá Promens, sem rak tugi verksmiðja úti um allan heim. Við þurftum að skilja hverja einustu verksmiðju. Ef það eru vandamál þá þarf að horfast í augu við þau og bregðast við."

*Er rými fyrir tvö íslensk flugfélög miðað við rekstrarumhverfið í dag?*

„Ég held að það geti verið grundvöllur fyrir því að reka annað íslenskt flugfélag frá Íslandi sem er með einfaldan rekstur og þá ekki endilega að leggja áherslu á að nota Keflavík fyrir tengiflugvöll. Það er þó ljóst að Keflavík þarf að vera skilvirkur og samkeppnishæfur flugvöllur. En almennt þá þarf kostnaður á Íslandi að vera samkeppnishæfur. Launakostnaður er hár og íslenskar áhafnir eru dýrar í alþjóðlegum samanburði. Samkeppni í flugi snýst mikið um lágt verð og því þarf kostnaðurinn að vera í samræmi við það. Það er því erfitt fyrir íslenskt flugfélag að keppa við t.d. flugfélög eins og Wizz air sem hefur miklu lægri launakostnað," segir Ragnhildur.

„Svo má heldur ekki gleyma því að ástæðan fyrir þessu mikla flugi til og frá Íslandi hefur byggst á því að nota Ísland sem tengistöð en tækninni fleygir fram og þar með auknu drægi minni flugvéla, og það er alls ekki víst að í framtíðinni verði hagkvæmt að nýta Keflavíkurflugvöll sem skiptistöð, a.m.k. ekki í þeim mæli sem það er í dag. Árið 2018 var flogið til hátt í 100 áfangastaða frá Íslandi sem er með því mesta sem gerist í Evrópu. Í bæði fluginu og fjármálakerfinu þurfum við að vera framsýn og horfa á hlutina í hinu alþjóðlega samhengi."

> Sáttin kveður meðal annars á um að stóru hluthafarnir minnki sinn hlut en það hefur ekki enn gerst. Ég held að það sé jákvætt að fá inn nýja hluthafa.

### Deilt um eignarhald á Reiknistofunni

Meirihluti Landsréttar staðfesti þrjá dóma Héraðsdóms Reykjavíkur í lok árs 2018 þar sem viðurkenndur var eignarréttur Mentis sem er félag í eigu Gísla Heimissonar og varðar rúmlega 7,2 prósenta hlut í Reiknistofu bankanna.

Mentis keypti hlutinn í Reiknistofu bankanna í apríl 2016 en seljendur voru Kvika banki, Samband íslenskra sparisjóða og Sparisjóður Austurlands.

Sparisjóður Höfðhverfinga taldi sig hins vegar hafa orðið eiganda að hlutnum með yfirlýsingu um beitingu forkaupsréttar í samræmi við samþykktir RB en í málinu var deilt um hvort þrjátíu daga fresturinn til að nýta sér forkaupsréttinn hefði verið liðinn þegar tilkynning sjóðsins um nýtinguna barst stjórn RB. Var sérstaklega deilt um við hvað bæri að miða upphaf frestsins.

Meirihluti Landsréttar taldi að upphaf frestsins til að neyta forkaupsréttar ætti að miðast við tilkynningu til stjórnar Reiknistofu bankanna um tilboð. Sparisjóður Höfðhverfinga hefði tilkynnt um nýtingu forkaupsréttar síns meira en þrjátíu sólarhringum síðar og því hefði fresturinn verið liðinn.

Dómi Landsréttar var áfrýjað til Hæstaréttar og var málið sett á dagskrá í gær.




# Horfum fram á sjálfvirkni í bókhaldi

## Svipmynd
**Ingvaldur Thor Einarsson**

**Nám:**
Viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og MBA frá Edinborgarháskóla.

**Störf:**
Framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi frá 2015. Var áður forstöðumaður hjá Latabæ/Turner Broadcasting System 2009-2014, forstjóri Merlin A/S frá 2005-2008 og sölu- og birgðastjóri BT verslana 1998-2004.

**Fjölskylduhagir:**
Giftur Brynju Blöndu Brynleifsdóttur fjármálastjóra og á með henni tvö börn.



Framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi segir að við séum að horfa fram á aukna sjálfvirknivæðingu bókhalds á næstu árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ingvaldur Thor Einarsson er framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi en viðskiptalausnafyrirtækið stendur fyrir ráðstefnunni Framtíðarbókhald á Reykjavík Natura í dag. Ingvaldur segir að fram undan sé sjálfvirknivæðing í bókhaldi.

*Hvernig er morgunrútínan þín?*

Ég er b-maður að upplagi og er því almennt að toppa í lok dags. Drattast þó á fætur um 8.45 og byrja daginn á bulletproof kaffi (kaffi blandað kókosolíu og smjöri) sem ég drekk á meðan ég fer yfir tölvupóstinn, fréttir viðskiptamiðlanna og kortlegg verkefni dagsins.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Fjölskyldan og vinnan hafa alltaf verið í forgangi hjá mér og ég hef því haft lítinn tíma til að sinna öðru nema þá að grípa í tölvuleiki þegar stund hefur gefist. Við fjölskyldan höfum farið reglulega á skíði í gegnum árin, stundað hundarækt og nú eftir að börnin eru orðin eldri erum við hjónin byrjuð að stunda golf.

*Hvaða bók ertu að lesa eða last síðast?*

Er að lesa bókina 5.460 Miles from Silicon Valley eftir Hans Peter Bech sem fjallar um það hvernig tvö lítil hugbúnaðarhús í Danmörku urðu markaðsleiðtogar á sínum sviðum, sameinuðust og voru stuttu síðar seld til Microsoft fyrir tæpa 2 milljarða. Þessi fyrirtæki voru Navision og Damgaard Data. Ég las bókina fyrst á dönsku þegar hún kom út fyrir tveimur árum og get hiklaust mælt með henni.

**Íslendingar hafa dregist aftur úr þegar kemur að stafrænni framtíð**

*Hvar sérðu sjálfan þig eftir tíu ár?*

Mín ástríða er að vinna að framförum og uppbyggingu á rekstri fyrirtækja. Ég vonast til að hafa heilsu til að halda því áfram þangað til ég verð að minnsta kosti 100 ára. Ég hef engan sérstakan metnað fyrir því að setjast í helgan stein á sólríkri strönd en finnst fátt skemmtilegra en að vinna í því að einfalda og bæta daglegt líf fólks.

*Hver eru helstu verkefnin þessa dagana?*

Uniconta stendur fyrir ráðstefnunni Framtíðarbókhald á Reykjavík Natura í dag og síðustu vikur hafa verið undirlagðar undirbúningi þessarar ráðstefnu. Erik Damgaard, stofnandi og aðalhönnuður Uniconta, er þar aðalfyrirlesari en hann er án efa einn fremsti sérfræðingur heims í viðskiptalausnum. Við verðum einnig með fyrirlesara frá Ríkisskattstjóra sem kynna norrænt verkefni um sjálfvirka, rafræna viðskiptaferla og fáum einnig góða innsýn í bálkakeðjur á mannamáli.

*Hver hefur verið lykilþátturinn í að byggja upp viðskiptalausnafyrirtæki ?*

Við höfum reynslu og brennandi áhuga á rekstri fyrirtækja og eigum því auðvelt með að setja okkur inn í þau vandamál sem viðskiptavinir standa frammi fyrir hverju sinni og hvernig hægt er að leysa þau með aðstoð tækninnar. Bókhaldsgögn eru hjartalínurit fyrirtækisins og það skiptir sköpum að allir ferlar séu skilvirkir þannig að notendur geti kallað fram samtímaupplýsingar, greint þær og tekið ákvarðanir. Réttar fjárhagsupplýsingar eru lykillinn að réttum ákvörðunum.

*Hvert stefnir þróunin í bókhaldsþjónustu?*

Við erum að horfa fram á aukna sjálfvirknivæðingu bókhalds á næstu árum. Þau fyrirtæki sem keyra lausnir sem eru byggðar á nútímatækni verða betur í stakk búin að takast á við þessa framtíð. Íslendingar hafa dregist aftur úr þegar kemur að stafrænni framtíð. Við sjáum t.d. nýlega skýrslu IMD um stafræna samkeppnishæfni en þar er Ísland er í 21. sæti á meðan hin Norðurlöndin eru öll í sjö efstu sætunum.


## Árangurinn felst í fólkinu

Starfsánægju og rekstur má auðveldlega bæta með skilvirkum lausnum. Við hjá Attentus byggjum ráðgjöf okkar og þjónustu á fagþekkingu, metnaði og áratugareynslu á öllum sviðum mannauðsmála.

+ Mannauðsstjóri til leigu
+ Jafnlaunavottun
+ Launagreiningar
+ Lögfræðiráðgjöf
+ Stafræn fræðsla
+ Fræðsluefni
+ Markþjálfun
+ Stjórnendamat
+ Stjórnunarráðgjöf og -þjálfun
+ Samskiptagreining
+ Samskiptareglur
+ Sálfélagslegt áhættumat
+ Aðgerðir gegn streitu og kulnun
+ Greining á einelti, kynbundinni og kynferðislegri áreitni
+ Lausn ágreiningsmála
+ Mannauðsstefna
+ Hæfnimat
+ Ráðningar
+ Vinnuréttur
+ Ráðgjöf vegna starfsloka
+ Viðhorfskannanir
+ Úttektir og áreiðanleikakannanir

Attentus
MANNAUÐUR & RÁÐGJÖF
519 7510 + attentus@attentus.is + attentus.is


## Hvað er næsta Game of Thrones?



**Björn Berg Gunnarsson**
fræðslustjóri Íslandsbanka

**Þó að Game of Thrones hafi nú lokið göngu sinni er framleiðsla rándýrra sjónvarpsþátta rétt að byrja.**

Reiknað er með að heildarkostnaður við framleiðslu síðustu þáttaraðar Game of Thrones, sem lauk nú á sunnudaginn, hafi numið um 90 milljónum dollara, eða 11 milljörðum króna. Kostnaður hvers þáttar er með því mesta sem sést hefur og í fljótu bragði virðist sem læknaþættirnir ER séu einir um að hafa verið dýrari þegar mest lét.

Þó að Game of Thrones hafi nú lokið göngu sinni er framleiðsla rándýrra sjónvarpsþátta rétt að byrja, enda vilja allir eignast sitt eigið Game of Thrones. Þannig er Jeff Bezos, eigandi Amazon, sagður hafa komist að orði í aðdraganda þess að greiddar voru 250 milljónir dollara fyrir framleiðslurétt þáttaraðar sem byggð verður á Hringadróttinssögu. Reiknað er með að framleiðslukostnaður þáttanna nemi um 750 milljónum dollara til viðbótar sem gerir þá tæplega tvöfalt dýrari en Game of Thrones.

Disney ætlar sér auk þess stóra sneið af sjónvarpsskökunni þegar nýrri streymisveitu fyrirtækisins, Disney+, verður hleypt af stokkunum í haust. Þá verða meðal annars Star Wars þættirnir um manninn frá Mandalore frumsýndir og mun hver hinna tíu þátta kosta 10 milljónir dollara. Með tilkomu Disney+ missir Netflix vinsælt dagskrárefni af veitu sinni en bætir upp fyrir það með því að verja hátt í 2.000 milljörðum króna í kaup á efni í ár. Apple hefur innreið sína á markaðinn með streymisveitu í haust og verður um 250 milljörðum króna varið til efniskaupa.

En hvað er næsta Game of Thrones? Líklega er svarið Game of Thrones. Það ætti ekki að koma á óvart að HBO mun áfram veðja á vinsældir hugarheims George R. R. Martin. Nú er kappinn að skrifa nýja þætti og reiknað er með að kostnaður við framleiðslu hvers þeirra verði á við dýrustu þáttaraðir.

Star Wars, Game of Thrones og Lord of the Rings. Það er ekki beint verið að finna upp hjólið, en það verður öllum sama um það þegar tekjurnar streyma inn.




# Einkarekstur eða ríkisrekstur



**Jón Ólafur Halldórsson**
formaður Samtaka verslunar og þjónustu

> **Myndin sem upp er dregin vekur nokkurn ugg því af henni má draga þá ályktun að ekki sé inni í myndinni að draga úr umsvifum hins opinbera í starfsemi sem einkageirinn gæti að mörgu leyti annast.**

Í blönduðum hagkerfum gegnir hið opinbera jafnan tvenns konar hlutverki. Annars vegar hlutverki reglusetjara, sem einnig hlutast til um að einkageirinn fari eftir settum leikreglum, og hins vegar nokkurs konar stuðningshlutverki, þ.e. þegar það fæst við mótun stefnu og aðgerða sem tryggja eiga þróun innviða sem stuðla að hagvexti og heilbrigði auðlindanýtingu. Einkageirinn stendur aftur á móti að jafnaði undir meginhluta hagvaxtar. Í því ljósi sætir almennur atvinnurekstur á vegum hins opinbera stöðugri gagnrýni, enda þurfa óvenjulegar aðstæður að vera uppi til þess að réttlætanlegt geti talist að opinberir aðilar standi í slíkri starfsemi. Meginástæðan er sú að einkaframtakið er jafnan mun betur búið til að takast á við hefðbundinn atvinnurekstur óháð atvinnugreinum.

Þeir hvatar sem eru til staðar í umhverfi einkarekstrar stuðla almennt að skynsamlegri nýtingu fjármuna enda stýrir eftirspurn því hvort vara eða þjónusta stendur til boða, í hvaða mæli og undir hvaða kringumstæðum. Til að setja umfjöllunina í samhengi má sem dæmi benda á að Raftækjasala ríkisins var aflögð fyrir mörgum áratugum og einnig einkasala ríkisins á eldspýtum. Nær aldarfjórðungur er síðan Lyfjaverslun ríkisins var komið í hendur einkaaðila og Bifreiðaeftirlit ríkisins var lagt af og starfsemin gefin frjáls að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þeir sem muna þá tíma þegar starfsemi þessara opinberu stofnana og fyrirtækja var „í blóma“, geta fæstir hugsað sér að starfsemi þeirra verði endurreist. Reynslan sýnir að starfsemin er mun betur komin í höndum einkaaðila.

### Aukin umsvif hins opinbera

Í þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2020–2024, sem nú er til umfjöllunar á Alþingi, er gengið út frá því að rekstrar- og heildarafkoma opinberra fyrirtækja aukist umfram væntar breytingar á verðlagi. Hafa verður í huga að frá efnahagshruninu hefur verið lögð áhersla á afkomubata hjá þessum fyrirtækjum, þó að árangurinn hafi ekki alltaf verið augljós. Myndin sem upp er dregin vekur nokkurn ugg því af henni má draga þá ályktun að ekki sé inni í myndinni að draga úr umsvifum hins opinbera í starfsemi sem einkageirinn gæti að mörgu leyti annast. Í því ljósi er fyrir löngu orðið tímabært að ráðist verði í heildarúttekt á þeim atvinnurekstri sem ríkið stendur ennþá fyrir. Í slíkri úttekt þyrfti fyrst og fremst að draga fram hvaða rök mæla með ríkisrekstri, þar sem hann er ennþá stundaður. Í þessu sambandi benda samtökin sérstaklega á rekstur ÁTVR, sem annast smásölu ríkisins á áfengi og framleiðslu neftóbaks og rekstur Fríhafnarinnar ehf., sem er dótturfélag Isavia ohf., og stundar verslunarrekstur með snyrtivörur, sælgæti, ferðamannanauðsynjar, áfengi og tóbak í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Starfsemi þessara fyrirtækja sætir reglulega gagnrýni, ekki síst vegna þeirrar einokunarstöðu sem þau njóta í skjóli ríkisvaldsins. Hér er rétt að minna á þau dæmi sem nefnd voru í upphafi, sem eru öll dæmi um einokunarrekstur sem hið opinbera stundaði, en ákvað góðu heilli að hverfa frá.

### Þörf á allsherjarendurskoðun

Það eru fleiri svið þar sem full ástæða er fyrir hið opinbera að skoða með það að leiðarljósi að koma auga á hagræðingartækifæri sem felast í yfirfærslu starfsemi til einkaaðila. Að mati SVÞ er af nógu að taka í þeim efnum, en þar kemur starfsemi eftirlitsgeirans fyrst upp í hugann en hana mætti í mörgum tilvikum færa í í hendur faggiltra fyrirtækja, sem vinna eftir ströngu og faglegu evrópsku regluverki. Eins og fyrr var nefnt ákváðu stjórnvöld að færa bifreiðaskoðun frá hinu opinbera til einkaaðila fyrir rúmlega tuttugu árum. Reynslan af þeirri breytingu er nær undantekningarlaust góð. Því má spyrja hvort ekki sé ástæða til að feta þá slóð áfram. Í ljósi reynslunnar er rökrétt ályktun að það geti verið afar góður kostur.

SVÞ vilja því beina þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að hefja allsherjarendurskoðun á þeim atvinnurekstri sem enn er stundaður af hinu opinbera. Samtökin vilja í því sambandi benda á, hvort auðveldasta leiðin til að ná markmiðum um bætta afkomu í opinberum rekstri, sé ekki einfaldlega að færa hann yfir til einkaaðila.

ISI ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL

AÐALFUNDUR
ICELAND SEAFOOD INTERNATIONAL HF.

Verður haldinn þann 12. júní 2019 kl. 16.00 í höfuðstöðvum félagsins að Köllunarklettsvegi 2, 104 Reykjavík.

DAGSKRÁ FUNDARINS:
1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur og skýrsla endurskoðanda.
3. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu.
5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna og undirnefnda.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning endurskoðanda.
8. Ákvörðun um heimild stjórnar til kaupa á eigin bréfum.
9. Tillaga stjórnar um endurnýjun á heimild til hækkunar á hlutafé í tengslum við möguleg fyrirtækjakaup ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
10. Tillaga stjórnar um heimild til hækkunar á hlutafé í tengslum við fyrirhugaða skráningu félagsins á aðalmarkað Nasdaq á Íslandi ásamt viðeigandi breytingu á samþykktum.
11. Tillaga stjórnar um breytingu á grein 16 (4) í samþykktum, um tímafrest til að bera fram tillögur fyrir aðalfund.
12. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

Ítarlegri upplýsingar um efni fundarins eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins:
http://www.icelandseafood.com/Investors




Fjallað verður um eftirfarandi:

✓ Lykilþættir til árangurs í fasteignastjórnun (FM).

✓ MainManager kynnir nýjustu hugbúnaðarlausn sína.

✓ Stafræn bylting innan fagsins:
BIM GIS 2D

✓ Notkun hjá viðskiptavinum erlendis. (Norska ríkið, danskt sveitarfélag, Kaupmannahafnarháskóli og eitt stærsta sjúkrahús Evrópu o.fl.).



www.mainmanager.is - skráning: info@mainmanager.is - sími: 412 8600

# Skotsilfur

## Til Stoða



**Alexander Jensen Hjálmarsson,** sem hefur síðustu fjögur ár starfað sem sjóðsstjóri hjá GAMMA Capital Management, hefur gengið til liðs við Stoðir, eitt stærsta fjárfestingafélag landsins. Tók hann til starfa í síðasta mánuði. Alexander hefur auk þess starfað í eignastýringu hjá Sjóvá og þá er hann jafnframt fyrrverandi formaður Ungra fjárfesta. Stoðir hafa á undanförnum vikum fjárfest í Símanum og Arion banka fyrir um níu milljarða króna og þá er félagið einnig orðið stærsti hluthafi TM með um tíu prósenta hlut.

## Langar skýrslur



Samkeppniseftirlitið, undir stjórn **Páls Gunnars Pálssonar**, ógilti í liðinni viku kaup Samkaupa á tveimur verslunum, á Akureyri og í Reykjanesbæ, eftir ítarlega rannsókn og birti um leið 118 blaðsíðna skýrslu um málið. Aðeins eru fáeinir mánuðir síðan eftirlitið ógilti kaup á hverfisapóteki í Mosfellsbæ og gaf af því tilefni út 110 blaðsíðna skýrslu. Enginn þarf að velkjast í vafa um mikilvægi samkeppniseftirlits í atvinnulífinu. Hins vegar skýtur forgangsröðun sem þessi skökku við á meðan stofnunin kvartar undan álagi og mikilvægari mál bíða skoðunar.

## AGS sagði nei



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra leitaði til fjölmargra um að taka að sér formennsku í nefnd til að meta hæfi umsækjenda um embætti seðlabankastjóra áður en Sigríður Benediktsdóttir, fyrrverandi framkvæmdastjóri stöðugleikasviðs Seðlabankans, varð fyrir valinu. Þannig bauð ráðherrann meðal annars **Eddu Rós Karlsdóttur,** sérfræðingi á sviði peningamála og fjármálamarkaða hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, formennskuna, samkvæmt heimildum Markaðarins, en sjóðurinn meinaði henni að taka verkefnið að sér. Taldi hann ekki stætt á því að sjóðurinn hefði aðkomu að því að velja seðlabankastjóra í einu af aðildarríkjum sínum.

# Ford fækkar störfum um sjö þúsund




Stjórnendur bandaríska bílaframleiðandans Ford tilkynntu í byrjun vikunnar um áform sín um að fækka störfum innan samstæðunnar um sjö þúsund á heimsvísu á næstu mánuðum. Bílaframleiðandinn fetar þannig í fótspor keppinauta á borð við General Motors, Volkswagen og Jaguar Land Rover sem hafa boðað niðurskurð til þess að bregðast við minni sölu, auknum kostnaði vegna viðskiptadeilna Bandaríkjanna og Kína og vaxandi fjárfestingarþörf í rafbílum. Með aðgerðunum hyggst Ford spara í rekstri um sem nemur um 600 milljónum dala á ári. NORDICPHOTOS/GETTY

# Bankar og lífskjarasamningar



**Katrín Júlíusdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka fjármálafyrirtækja

Mikil hagræðing hefur átt sér stað í bankakerfinu á undanförnum árum í krafti aukinnar skilvirkni og tækninýjunga. Þrátt fyrir það er markmið fjármálafyrirtækja að ná kostnaði enn frekar niður. Það er til mikils að vinna fyrir alla því hagkvæmari rekstur skilar sér í aukinni samkeppnishæfni og hagstæðari viðskiptakjörum til viðskiptavina. Þó það sé ekki vinsælt að ræða lækkun opinberrar álagningar á fjármálafyrirtæki þá stöndum við einfaldlega frammi fyrir því að þurfa að horfa til hennar ef við viljum ná ofangreindum markmiðum fyrir íslenskt samfélag.

Kostnaðarhlutföll íslenskra banka eru oftar en ekki borin saman við sambærileg hlutföll erlendra banka og gildir þá einu hvort um er að ræða banka af sambærilegri stærðargráðu og þeir íslensku eða alþjóðlegir risabankar. Í þessum samanburði er sjaldan tekið tillit til þess að það sem einkennir rekstrarumhverfi íslenskra banka í samanburði við aðra banka á Vesturlöndum er séríslensk álagning opinberra gjalda. Til slíkra gjalda má nefna sérstakan bankaskatt sem einn og sér er miðað við núverandi álagningu um 12% af rekstrarkostnaði bankanna. Þá eru lagður fjársýsluskattur á launagreiðslur fjármálafyrirtækja og sérstakur fjársýsluskattur á hagnað fjármálafyrirtækja umfram 1 milljarð. Ofangreindir þrír skattar skila ríkissjóði um 15 milljörðum sem er um helmingur af launakostnaði banka sem eru aðalgreiðendur þeirra. Íslenskir bankar hafa á undanförnum árum verið að borga um 40 milljarða í opinber gjöld á ári. Helmingurinn af þessari upphæð, eða um 20 milljarðar, er ótekjutengdur. Heildarvaxtatekjur stóru viðskiptabankanna hafa á undanförnum árum verið í kringum 100 milljarðar og eru því ótekjutengd gjöld um fimmtungur af þeirri upphæð.

Auk þessa búa íslensku bankarnir við hærri eiginfjárkröfur en þekkist í nágrannalöndunum og það sama gildir um grunninn sem eiginkrafan reiknast af. Birtingarform íslensku sérstöðunnar á fjármálamarkaði kemur einnig fram í þeirri staðreynd að Seðlabanki Íslands borgar ekki vexti af helmingi bindiskyldu innlánastofnana auk þess sem hann lætur þær einar standa straum af hluta þess kostnaðar sem fylgir því að viðhalda stórum gjaldeyrisforða. Allir þessir þættir setja þrýsting á að vaxtamunur sé hærri en ella.

Inntak lífskjarasamninga þeirra sem nýverið voru undirritaðir á vinnumarkaði var meðal annars að leita leiða til að lækka vaxtastig í landinu. Mörg tækifæri eru til þess þegar kemur að rekstrarumhverfi fjármálafyrirtækja. Með hvítbók stjórnvalda um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið fylgja ítarleg minnisblöð frá Bankasýslu ríkisins þar sem fjallað er um fjölmarga þætti í rekstri íslenskra banka. Í þeim er einmitt fjallað um skilvirkar leiðir til þess að minnka vaxtamuninn í íslensku bankakerfi. Þá hafa Samtök fjármálafyrirtækja bent á að lægri opinber gjöld, lægri eiginfjárkröfur og aukið hagræði meðal annars með auknu samstarfi um rekstur innviða fjármálakerfisins gæti eflt samkeppnisfærni.

Samkvæmt greiningu Bankasýslunnar myndi lækkun á eftirlitsgjaldi til FME um 10% ásamt helmingslækkun á fjársýsluskatti á laun annars vegar og hagnað umfram milljarð hins vegar geta lækkað vaxtamun vaxtaberandi eigna og skulda úr 2,6% niður í 2,3%. Þessi útreikningur miðast við að stjórnvöld standi við áform ríkisfjármálaáætlunar um að lækka gjaldhlutfall bankaskattsins úr 0,376 niður í 0,145% í jöfnum skrefum á árunum 2020-2023. Til viðbótar telur Bankasýslan að lækkun eiginfjárkrafna og hagræðing sem skilar sér í lægri rekstrarkostnaði í tengslum við samstarf um rekstur sameiginlegra fjármálainnviða gæti leitt til þess að vaxtamunurinn færi niður í 2,1%.

Fram hjá því verður ekki horft að fjármálafyrirtæki geta ekki borið allar þessar álögur til lengri tíma án þess að það komi niður á innlendri fjármálastarfsemi, skerði samkeppnisfærni þeirra og dragi úr getu þeirra til að ná niður kostnaði til viðskiptavina sinna. Fjármálafyrirtækin taka á hverjum degi þátt í því með fjölskyldum að fjármagna fasteignir og ávaxta sparifé þeirra, þá taka þau þátt í því með atvinnulífinu að fjölga störfum með því að fjármagna fjárfestingar íslenskra fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum sem gerir þeim kleift að stækka og eflast. Umræðan um lífskjörin þarf því að taka til kostnaðar og rekstrarumhverfis fjármálafyrirtækja.

# Tvær ólíkar skýrslur um tilnefningar

**SKOÐUN**

**Þorsteinn Friðrik Halldórsson**



Tilnefningarnefndir eru nú ríkjandi fyrirkomulag í stjórnarkjöri á íslenskum hlutabréfamarkaði eftir hraða útbreiðslu. Nefndirnar eru sagðar formfesta góða stjórnarhætti en einnig hefur borið á efasemdum um að þær séu til þess fallnar að ná þeim markmiðum.

Hvað sem því líður er ljóst að framkvæmdin skiptir máli. Þó að tilnefningarnefnd hafi einungis ráðgefandi hlutverk má ætla að val hennar hafi veruleg áhrif á val lífeyrissjóða í stjórnarkjöri. Völd nefndarinnar má því ekki vanmeta. Með það í huga er athyglisvert að bera saman tvær skýrslur um tilnefningar. Annars vegar þá sem útbúin var fyrir aðalfund Haga og hins vegar þá sem var útbúin fyrir hluthafafund Skeljungs.

Tilnefningarnefnd Skeljungs, undir formennsku Sigurðar Kára Árnasonar, hefur augljóslega vandað til verka. Nefndin fjallar um hæfi einstakra frambjóðenda á ýmsum sviðum og rökstyður val sitt vel, allavega í samanburði við flestar aðrar tilnefningarnefndir. Sem dæmi gerir nefndin grein fyrir því hvers vegna lögfræðiþekking eins frambjóðanda getur nýst félaginu betur en lögfræðiþekking annars.

Fleira áhugavert er í skýrslunni. Nefndin tekur undir það sem hefur komið fram á fundum hennar með hluthöfum um að það sé góður kostur fyrir Skeljung að minnst einn stjórnarmaður eigi sjálfur, eða gegnum tengda aðila, hlut í félaginu til að tryggja virkt eignarhald. Svo er ekki í núverandi stjórn. Það er ánægjulegt að sjá nefndina líta til þeirra gömlu sanninda að menn huga betur að eignum sínum en aðrir.

Eftir lesturinn hafa hluthafar Skeljungs ágætishugmynd um hvað liggur að baki vali nefndarinnar. Þannig hafa þeir forsendur til að vera sammála eða ósammála valinu. Það sama gildir ekki skýrslu tilnefningarnefndar Haga. Þar er engan rökstuðning að finna þrátt fyrir að níu manns séu að berjast um fimm stjórnarsæti. Það eina sem hluthafar Haga geta lesið úr skýrslunni er upptalning á viðmiðunum sem voru lögð valinu til grundvallar og stuttar ferilskrár frambjóðenda. Þá var ekki að sjá að eignarhlutur í félaginu væri talinn frambjóðendum til tekna.

Tilnefningarnefndir eru nýlegt fyrirkomulag í flestum félögum og viðbúið var að það tæki tíma að finna taktinn. Til að stuðla að faglegri framkvæmd þessa nýja fyrirkomulags þurfa hluthafar að gera kröfu um rökstuðning svo að þeir hafi forsendur til að meta niðurstöðuna.



wagner
ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI
EINU STÓLARNIR MEÐ
Dondola®
360°
VELTITÆKNI
Ergomedic 100-3
Hannaður til að koma í veg fyrir bakverki
189.900 kr.
Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar
SITJUM Á HREYFINGU!
MYNDFORM GRAFÍK
FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER
SJÚKRAÞJÁLFUN ÍSLANDS
Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari
KIRO PRAKTOR STOFA ÍSLANDS
Hirzlan
SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

# MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 22. maí 2019

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is

Instagram fréttablaðsins @frettabladid


## Stjórnarmaðurinn

## Marvaði ráðherrans

**„Ríkisútvarpið** er á auglýsingamarkaði og við höfum heyrt talsverða gagnrýni hvað það varðar. En það er alveg á hreinu að við erum ekki að fara í neinar aðgerðir sem veikja RÚV,“ sagði Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra í viðtali á dögunum aðspurð um nýtt fjölmiðlafrumvarp sitt sem nú er á dagskrá Alþingis. Lilja bætti svo við að ef svo færi að RÚV hyrfi af auglýsingamarkaði yrði RÚV bætt tekjutapið. Það yrði þá með hækkuðu útvarpsgjaldi eða öðrum opinberum leiðum. Menntamálaráðherra virðist því vera á þeirri skoðun að enga sparnaðarkröfu sé hægt að gera til Ríkisútvarpsins, nú þegar þjónustusamningur við ríkið rennur út um áramót. RÚV fær í ár 4,7 milljarða í bein framlög frá ríkinu, og aðra 2,3 milljarða með þátttöku á auglýsingamarkaði. Stofnunin hefur þó iðulega ekki látið skammtaða fjármuni duga.

**Ráðherrann** virðist því sömuleiðis á þeirri skoðun að engin ástæða sé til að endurskoða hlutverk ríkisfjölmiðilsins á 21. öldinni. Þannig á sér stað engin grundvallarskoðun á því hvort það standist tímans tönn að bjóða landsmönnum upp á skylduáskrift að línulegri dagskrá í sjónvarpi og útvarpsstöðvum af gamla skólanum. Vafasamt hlýtur þó að teljast að landsmönnum af yngri kynslóðum þyki þeim fjármunum vel varið, enda eftirspurn eftir slíkri vöru óðum þverrandi á tímum streymisþjónusta á borð við Netflix, frétta jafnóðum yfir internetið, hljóðvarpa og svo mætti áfram telja.

**Nú er alveg rétt** hjá ráðherranum að RÚV virðist almennt njóta vinsælda meðal fólks. Hjá stofnuninni vinnur öflugt fagfólk og dagskrárgerð er í mörgum tilvikum til sóma. Því má þó ekki rugla saman við vilja til óbreytts ástands. Í fyrsta lagi er það augljóst að ýmiss konar ósiðir tíðkast í rekstri RÚV. Þar vinna margfalt fleiri og afkasta minna en á einkastöðvunum. Miklu meiru er til kostað í stoðliði á borð við fréttasett eða útsendingar. Tækifærin til hagræðingar í rekstri eru óteljandi. RÚV á að geta horfið af auglýsingamarkaði án þess að það komi í nokkru niður á afköstum. Í öðru lagi þá þarf að endurskilgreina RÚV framtíðarinnar. Það er tímaskekkja að skylda fólk til áskriftar að línulegu sjónvarpi og útvarpsrásum.

**Lilja** hefur eytt mikilli orku í fjölmiðlamál á sínum embættisferli. Gallinn er bara sá að hún hefur troðið marvaða, og eytt orku, tíma og fjármunum til þess eins að standa í stað.


ÞJÓNUSTA
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


# Með tveggja prósenta hlut í Kviku



Helgi Magnússon.

Helgi Magnússon, fjárfestir og fyrrverandi formaður Samtaka iðnaðarins og Lífeyrissjóðs verslunarmanna, hefur bætt við sig í Kviku banka með kaupum á ríflega 0,8 prósenta hlut í fjárfestingarbankanum fyrir um 170 milljónir króna.

Eftir kaupin fer eignarhaldsfélag Helga, Hofgarðar, með tæplega tveggja prósenta hlut í Kviku, samkvæmt nýjum lista yfir stærstu hluthafa fjárfestingarbankans, en huturinn er metinn á um 420 milljónir króna miðað við núverandi gengi hlutabréfa í bankanum. Eins og greint hefur verið frá í Markaðinum komust Hofgarðar í hóp stærstu hluthafa Kviku banka í liðnum mánuði en félagið hélt þá á liðlega 1,1 prósents hlut í bankanum.

Þá hefur Vátryggingafélag Íslands haldið áfram að minnka við sig í Kviku en tryggingafélagið hefur selt samanlagt um eins prósents hlut í bankanum í mánuðinum. Fer félagið nú með 5,5 prósenta hlut í Kviku að virði um 1.180 milljónir króna. – kij

17.05.2019



**Skilaboð mín til fjárfesta, fyrirtækja og einstaklinga eru að nú er góður tími til að fjárfesta vegna slaka annars staðar í efnahagslífinu.**

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri




Jafnlaunavottun

Sanngjörn laun fyrir jafnverðmæt störf

PwC býður upp á heildstæða þjónustu í launamálum og jafnlaunavottun.
Við búum yfir áralangri reynslu og lausnum sem virka.

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

**GÁMUR TIL SÖLU.**
Erum með notaðan gám til sölu og afhendingar strax.
Verð 220.000.- m. vsk.
**Verslunartækni & Geiri**
**Draghásli 4**
**S: 5351300**

20 feta gámur til sölu á Suðurlandi. Tilboð. Uppl. í s. 454-5270 Guðlaug.

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**
**Upplýsingar í síma 782 8800**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

## Barnavörur



**SYSTKINA VAGN/KERRA**
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Óska eftir einstaklingsíbúð á Suðurlandi. Uppl. í s. 454-5270 Guðlaug.

## Atvinnuhúsnæði

**ATVINNUHÚSNÆÐI**
TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m Lager eða geymsla. Leiga: 99 þús Facebook: steinhella 14. S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
**SÍMI: 414-3000**
Gerðu verðsamanburð !

## Atvinna

## Atvinna í boði

**- TRAILER BÍLSTJÓRA ÓSKAST -**
Silfri ehf óskar eftir vönum trailer bílstjóra
Uppl. gefur Gunnar í s. 894 9690







## Fasteignir

**EIGNAMIÐLUN**
GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

**DYNGJUGATA 18-20, 210 GARÐABÆR**






**Dyngjugata 18 - 20, parhúsalóð í Urriðaholti, Garðabæ.**
Lóðirnar afhendast með teikningum, tilbúnum púða og búið að greiða gatnagerðargjöld og byggingarleyfisgjöld.
Byggingarleyfi liggur fyrir og því hægt að byrja að byggja húsin strax.
Teikningar gera ráð fyrir að húsin séu 209,7 fm hvort á tveimur hæðum . V. 35,0 m.
**Nánari upplýsingar veitir: Hilmar Þór Hafsteinsson lg.fs. s. 824 9098, hilmar@eignamidlun**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN WWW.NYJA.IS**
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

**GÓÐIR Í SUMAR**
Opið: Mánudaga-föstudaga kl. 10-18, laugardaga 12-15.



**FORD F350 platinium ultimade.**
Árgerð 2019, Nýr dísel, sjálfskiptur.
**Verð án vsk 9.250.000.**
Einn með öllu
Rnr.213127.



**RENAULT Master langur.**
Árgerð 2018, ekinn aðeins 8 Þ.KM, dísel, 6 gírar. **Verð án vsk 3.991.000.**
Umboðsbíll
Rnr.116857.




**CARETTA Offroad.**
Árgerð 2019, Nýtt.
**TILBOÐ 2.690.000.**
Til afhendingar STRAX
Rnr.116853.




**VW Caddy vsk bíll.**
Árgerð 2017, ekinn 48 Þ.KM, dísel, 5 gírar.
**Verð án vsk 1.990.000 TILBOÐ.**
Rnr.360378.



**DODGE Grand caravan crew plus.**
Árgerð 2017, ekinn 68 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur.
**Verð 5.680.000.**
Rnr.213556.

Bílafjármögnun Landsbankans

50% afsláttur af lántökugjöldum í maí

## Merkisatburðir

**1702** Erindisbréf er gefið út vegna gerðar manntals á Íslandi.

**1703** Svo mjög sverfur að á Vestfjörðum, að sýslumaður lætur opna kaupmannsbúðir á Eyri í Skutulsfirði til að dreifa mjöli og annarri lífsbjörg til sveltandi almúgans.

**1849** Hópur skagfirskra bænda ríður til Möðruvalla til að mótmæla embættisfærslu Gríms Jónssonar amtmanns og krefjast afsagnar hans.

**1921** Fyrstu hljómsveitartónleikar eru haldnir á Íslandi er Þórarinn Guðmundsson stjórnar tuttugu manna „hljóðfærasveit“.



**1952** Fyrstu trén í Kjarnaskógi við Akureyri eru gróðursett.

**2008 Eurobandið** tekur þátt í forkeppni Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva 2008.

**2010** Keflavíkurflugvelli er lokað vegna gossins í Eyjafjallajökli.



„Við Snörurnar eigum eftir að gera eina plötu. Hún mun koma. Allt hefur sinn tíma,“ segir Eva Ásrún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Forréttindi að eiga afmæli

**Eva Ásrún Albertsdóttir, söngkona og ljósmóðir, er sextug í dag og dreymir um utanlandsferð með sínum nánustu í tilefni þess. Svo er hún alltaf að læra eitthvað nýtt.**

Það eru forréttindin að fá að eiga afmæli. Maður á að fagna hverju einasta,“ segir Eva Ásrún Albertsdóttir, ljósmóðir og söngkona með meiru, sem er sextug í dag. Hún kveðst ekki með neitt planað í tilefni þess nema að fara með fjölskyldunni til útlanda í haust eða einhvern tíma, hana langi mest af öllu að eiga góðan tíma með henni. Það er talsverður hópur, því hún á fimm syni, tvær tengdadætur og sex barnabörn. „Þetta er ríkidæmi,“ segir hún glaðleg.

Innt eftir viðfangsefnum hennar nú um stundir kveðst hún starfa sjálfstætt. „Ég er aðeins að vinna sem ljósmóðir, sinni heimaþjónustu eftir fæðingu. Svo er ég með námskeið, fyrirlestra og ráðgjöf gegnum eigið fyrirtæki. Eftir að hafa meðal annars unnið á spítalanum, í útvarpi og sjónvarpi, sem söngkona, kosningastjóri og síðar rekstrarstjóri Jarðbaðanna við Mývatn tók ég dálitla beygju. Það gerðist í kjölfar alvarlegra veikinda sonar míns sem stóðu í þrjú ár. Heilbrigðiskerfið brást honum gersamlega en hann fékk lækningu í Ameríku, fór þar í tvær stofnfrumumeðferðir. Sá sem læknaði hann heitir Darren Clair, og er sérfræðingur í lífsstílslækningum. Hann verður með fyrirlestur á Hótel Natura 8. júní og ég er að undirbúa komu hans þessa dagana.“

Spurð hvaða fræðum hún sjálf miðli á námskeiðum og fyrirlestrum svarar Eva Ásrún: „Þau nefnast umbreytingarþjálfun, ég lauk námi í þeim hjá miklum meistara sem heitir Jack Canfield. Núna er ég í námi hjá Deborah Sandella, sálfræðingi, prófessor og höfundi Rim samtalstækni sem losar mann við ákveðnar minningar og myndir svo maður geti notið lífsins.“

Eva Ásrún hefur fjórum sinnum keppt í Eurovision fyrir Íslands hönd sem bakraddasöngkona. Hún kveðst hætt að hafa söng að atvinnu en vera samt ekkert hætt að syngja.

„Ég var nú á Raufarhöfn um helgina að syngja í sextugsafmæli hjá vini mínum sem var rótari í gömlu skólahljómsveitinni Hver? Við dustuðum rykið af bandinu og skelltum okkur norður. Það var rosa gaman. Svo eigum við Snörurnar eftir að gera eina plötu.“

**gun@frettabladid.is**

---



Elskulegur bróðir okkar,

**Þórólfur Örn Helgason**

lést mánudaginn 13. maí. Útför hans fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 24. maí kl. 15.00.

**Guðmundur Óli Helgason**
**Guðrún Lára Helgadóttir**
**Hulda Hrönn M. Helgadóttir**
**Kjartan Orri Helgason**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Hilmar E. Guðjónsson**
bókari,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir 15. maí síðastliðinn, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju föstudaginn 24. maí kl. 11. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Kristniboðssambandið.

**Magnús Guðjón Hilmarsson**
**Haukur Hilmarsson** **Helga María Finnbjörnsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Okkar ástkæra

**Petrea Guðmundsdóttir**
(Peta á Sigurðsstöðum)

verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 24. maí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlegast bent á að leyfa sumarbúðum Reykjadals að njóta þess.

**K. Guðmundur Skarphéðinsson** **Ósk Axelsdóttir**
**Alda Björk Skarphéðinsdóttir** **Guðlaugur Sigurðsson**
**Sigrún Birna Skarphéðinsdóttir** **Ingi Þór Yngvason**
**Hugrún Peta Skarphéðinsdóttir** **Hörður Björgvinsson**
**Skarphéðinn E. Skarphéðinsson** **Áslaug I. Kristjánsdóttir**
**Hulda Berglind Skarphéðinsd.** **Þorsteinn Finnbogason**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Ólöf Haraldsdóttir**
Klapparholti 12, Hafnarfirði,

lést mánudaginn 13. maí á hjúkrunarheimilinu Skjóli. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju 27. maí kl. 13.00.

**Sigurborg Skjaldberg** **Baldur Snæhólm Einarsson**
**Garðar Olgeirsson** **Anna Ipsen**
**Júlía Magnúsdóttir** **Ingibergur Gunnar Jónsson**
**Sæunn Magnúsdóttir** **Haraldur Sigurðsson**
**Bjarni Magnússon** **Ólína Helgadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Okkar ástkæri og skemmtilegi faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Ársæll Egilsson**
skipstjóri, Tálknafirði,

lést á Landspítalanum Fossvogi, laugardaginn 18. maí. Útför hans fer fram frá Tálknafjarðarkirkju, laugardaginn 25. maí klukkan 14.00.

**Kristín G. Ársælsdóttir** **Njáll Torfason**
**Hrefna Ársælsdóttir**
**Niels Adolf Ársælsson** **Sigurlaug Guðmundsdóttir**
**Tryggvi Ársælsson** **Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir**
**Hlynur Ársælsson** **Hallveig Guðný Guðnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Baldur Ágústsson**
Strikinu 12, Garðabæ,

lést 1. maí. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 28. maí 2019 og hefst athöfnin kl. 15.00.

**Halla Elín Baldursdóttir**
**Helga Guðbjörg Baldursdóttir** **Gísli Baldur Garðarsson**
**Ágúst Baldursson**
**Sigurlín Baldursdóttir** **Guðjón Ómar Davíðsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**Hreins Bjarnasonar**
kaupmanns,
Laugarnesvegi 87.

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjartadeilda LSH og deildar K2 á Landakoti fyrir hlýhug og góða umönnun.

**Anna B. Agnarsdóttir**
**Lilja Hreinsdóttir** **Guðlaugur Þór Þórarinsson**
**Björk Hreinsdóttir** **Björn G. Aðalsteinsson**
**barnabörn og langafabarn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Þórðarson**
Bjarkargrund 9, Akranesi,

lést á heimili sínu aðfaranótt 15. maí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju mánudaginn 27. maí kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeir sem vildu minnast hans láti Hjartaheill njóta þess.

**Ragnheiður Eyrún Magnúsdóttir**
**Guðný Sverrisdóttir** **Gunnar Kr. Sigmundsson**
**Magnús Sverrisson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



# Herra Hnetusmjör og Jakob Frímann á Úlfarsfelli



**ÚLFARFELL 1000 - FIMMTUDAGINN 23. MAÍ, KL. 18**

**DAGSKRÁ**

Ólafur Örn Haraldsson, *forseti FÍ, opnar hátíðina*
FÍ-bandið
Haukurinn *undir stjórn Hauks Hjaltasonar*
Katrín Jakobsdóttir, *ávarp forsætisráðherra*
Jakob Frímann Magnússon, *Stuðmaður og Jack Magnet*
Syngjandi Strandamenn
Þyrla Landhelgisgæslunnar
Herra Hnetusmjör

Ferðafélag Íslands býður upp á göngu á Úlfarsfell og tónleika fyrir alla fjölskylduna. Lagt er upp frá skógræktinni í Mosfellsbæ, Skarhólabraut og Skyggnisbraut í Reykjavík. Heiðursgestur: Inga Dóra Guðmundsdóttir, forseti Ferðafélags Grænlands. Göngustjórar: Reynir Traustason, Dalla Ólafsdóttir og Hjalti Björnsson.

*FERÐAFÉLAG ÍSLANDS - Mörkinni 6, 108 Reykjavík - s: 568 2533 - fi@fi.is*

Arion banki IKEA Fjallakofinn Vodafone

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 11 °C | 3 |
| Ísafjörður | 5 °C | 3 |
| Akureyri | 7 °C | 2 |
| Egilsstaðir | 5 °C | 4 |
| Kirkjubæjarkl | 8 °C | 2 |
| Hveravellir | 4 °C | 4 |

Norðaustlæg eða breytileg átt 3-10 m/s. Skýjað og allvíða dálítil súld, en stöku síðdegisskúrir, einkum S- og V-til. Hiti frá 4 stigum á NA-horninu, upp í 14 stig á Vesturlandi.

## Fimmtudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 10 °C | 0 |
| Ísafjörður | 5 °C | 4 |
| Akureyri | 9 °C | 3 |
| Egilsstaðir | 6 °C | 6 |
| Kirkjubæjarkl | 6 °C | 2 |
| Hveravellir | 7 °C | 6 |

## Föstudagur

| Staður | Hiti | Vindur |
|---|---|---|
| Reykjavík | 9 °C | 2 |
| Ísafjörður | 4 °C | 4 |
| Akureyri | 3 °C | 1 |
| Egilsstaðir | 3 °C | 3 |
| Kirkjubæjarkl | 7 °C | 3 |
| Hveravellir | 5 °C | 2 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 3 | | 4 | | 1 | | 9 | 7 |
| | 7 | | 9 | 8 | 2 | | | |
| | | | | 5 | | 4 | 2 | |
| | 2 | 6 | 1 | 3 | | 9 | 8 | |
| 9 | | | 7 | | | | 6 | |
| | 1 | 8 | | | | | | |
| 3 | | | | | | | | |
| | | | 8 | | | 7 | 4 | |
| 1 | | | 6 | 2 | 4 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | | | | 8 | | 5 | |
| | | | 5 | | | | | |
| | 9 | 1 | | 7 | 3 | | | |
| | | | | | | 5 | | |
| 8 | 4 | 3 | | | 5 | | | |
| 9 | 6 | | 7 | 2 | | | 1 | |
| 2 | | | | 9 | | | 3 | |
| | | 8 | 6 | | | 9 | | 2 |
| | 5 | | 4 | | | | 7 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 6 | | 8 | | | 9 | 1 | |
| | | 1 | 6 | | | | 4 | 3 |
| | 5 | | | 2 | | 6 | | |
| 4 | | 6 | | | | | | 9 |
| | 9 | | | 4 | | | | |
| | | | 9 | 3 | | | 5 | |
| | 4 | | | 5 | 7 | | 8 | |
| 1 | | | | | | | | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. farmur
5. tré
6. strit
8. stæða
10. í röð
11. yfirbreiðsla
12. beint
13. feiti
15. titill
17. hrista

**LÓÐRÉTT**
1. mælieining
2. horfðu
3. mjaka
4. kál
7. duttlungar
9. samþætta
12. tónlist
14. lærir
16. klafi

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT: 1.** hlass, **5.** eik, **6.** at, **8.** stafli, **10.** tu, **11.** lak, **12.** rétt, **13.** flot, **15.** lektor, **17.** skaka.
**LÓÐRÉTT: 1.** hestafl, **2.** litu, **3.** aka, **4.** salat, **7.** tiktúra, **9.** flétta, **12.** rokk, **14.** les, **16.** ok.

## Skák Gunnar Björnsson

Schusterovitsch átti leik gegn Arefjev í Saratov árið 1991.

**1. Dxh7+! Kxh7 2. Hh3+ Kg8 3. Rxg6 1-0.** Íslandsmótið í skák hefst á föstudaginn á laugardaginn. Flestir sterkustu skákmenn þjóðarinnar taka þátt.

**www.skak.is:** Íslandsmótið í skák.

**Hvítur á leik**



| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | 6 | 3 | 9 | 2 | 5 | 1 | 8 |
| 8 | 5 | 9 | 1 | 6 | 4 | 3 | 7 | 2 |
| 1 | 2 | 3 | 5 | 7 | 8 | 4 | 6 | 9 |
| 6 | 4 | 1 | 2 | 8 | 3 | 7 | 9 | 5 |
| 2 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 9 | 8 | 7 | 6 | 1 | 5 | 2 | 3 | 4 |
| 3 | 6 | 8 | 4 | 2 | 1 | 9 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 4 | 7 | 3 | 9 | 8 | 2 | 6 |
| 7 | 9 | 2 | 8 | 5 | 6 | 1 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 6 | 4 | 1 | 7 | 9 | 2 | 3 |
| 7 | 9 | 1 | 2 | 5 | 3 | 4 | 6 | 8 |
| 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 5 | 1 | 7 |
| 8 | 1 | 3 | 7 | 2 | 5 | 6 | 4 | 9 |
| 4 | 2 | 5 | 9 | 3 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 9 | 4 | 7 | 1 | 6 | 8 | 3 | 5 | 2 |
| 1 | 5 | 2 | 3 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 5 | 9 | 2 | 1 | 7 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 4 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 9 | 4 | 5 | 6 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 6 | 1 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 3 | 4 | 2 | 9 | 1 |
| 9 | 1 | 3 | 2 | 7 | 8 | 6 | 4 | 5 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 1 | 8 | 3 | 7 |
| 3 | 9 | 6 | 1 | 4 | 5 | 7 | 8 | 2 |
| 1 | 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 4 | 6 | 9 |
| 8 | 4 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

## 22. MAÍ 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Fyrirlestur um rannsóknir sumarsins
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Náttúrufræðistofa Kópavogs, Hamraborg
Maímánuður markar upphaf árlegra sumarrannsókna hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs og sérfræðingar bjóða gestum að kynnast fjölbreyttri rannsóknastarfsemi stofunnar í máli og myndum. Um er að ræða föst verkefni á borð við vöktun á umhverfisþáttum í vötnum á höfuðborgarsvæðinu og vöktun á lífríki Þingvallavatns, en einnig tilfallandi verkefni og samstarfsverkefni með öðrum rannsóknastofnunum. Allir velkomnir og ókeypis aðgangur.

**Hvað?** Dýradagurinn, skrúðganga og skemmtun
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Laugarnesskóli
Nemendur safnast saman á skólalóð Laugarnesskóla og klæða sig í búninga. Þaðan ganga þeir í litríkri skrúðgöngu í Grasagarðinn, þar sem stutt ávörp um gildi fjölbreytileika náttúrunnar verða flutt og skemmtun haldin. Þetta er í fyrsta skipti sem dýradagurinn er haldinn á Íslandi, hann er valdeflandi viðburður, opinn öllum og liður í 50 ára afmælisdagskrá Landverndar.

**Hvað?** Konur og ADHD
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Háaleitisbraut 13 IV. hæð
Opinn spjallfundur um konur og ADHD í fundarsal samtakanna, ætlaður fólki með ADHD, nánu samferðafólki og öðrum áhugasömum.

### Tónleikar

**Hvað?** Kórtónleikar – Concordia ásamt djassbandi
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Á dagskránni verður tónlist að stærstu leyti frá fyrri hluta 20. aldar. Þar má nefna lög eins og Lollipop, The way you look tonight, Till there was you, Route 66 og fleiri smelli. Hljómsveitina skipa: Gunnar Gunnarsson á píanó, Jón Rafnsson á bassa, Erik Quick á trommur. Stjórnandi: Lilja Eggertsdóttir. Miðaverð er 3.000 krónur. Ekki verður posi á staðnum.

**Hvað?** Vordagskrá Múlans
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Björtuloft í Hörpu
Tómas R. og Óskar Guðjónsson leika djass á síðustu tónleikum vordagskrár Múlans. Ómar Guðjónsson gítarleikari er sérstakur gestur þeirra til að auka á óvissuna og fjörið.
Miðaverð er 2.500 krónur en 1.500 fyrir nemendur og eldri borgara.


Kvennakórinn Concordia ásamt djassbandi verður með tónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld klukkan 19.30.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

Everybody Knows (ICE SUB) 17:30
Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB) 17:45
The House That Jack Built (ICE SUB) 18:00
Lords of Chaos (ICE SUB) 20:00
BlacKkKlansman (ENGLISH NO SUB) 21:00
Girl (ICE SUB) 22:20






Traðarreitur – austur. Skipulagslýsing.

**Breyting á Aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 og deiliskipulag.**

Vakin er athygli á því að nú stendur yfir, í samræmi við 1. mgr. 30. gr. og 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, kynning á skipulagslýsingu vegna tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi bæjarins og tillögu að deiliskipulagi sama svæðis. Breytingin felst í að skilgreindur er nýr þróunarreitur, Traðarreitur-austur, fyrir þéttingu byggðar. Traðarreitur – austur afmarkast af Digranesvegi, Skólatröð, Hávegi og Álftröð. Í lýsingunni koma m.a. fram helstu áherslur bæjaryfirvalda við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi bæjarins, upplýsingar um forsendur og viðmið deiliskipulags, fyrirhugað skipulagsferli svo og um kynningu og samráð.

Skipulagslýsingin er aðgengileg á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is og í þjónustuveri Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér lýsinguna. Athugasemdir eða ábendingar við lýsinguna skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Digranesvegi 1, 200 Kópavogi eða á tölvupóstfangið skipulag@kopavogur.is eigi síðar en fimmtudaginn 27. júní 2019 kl. 15:00.

Mánudaginn 27. maí og fimmtudaginn 20. júní 2019 milli kl. 17:00 og 18:00 verða starfsmenn skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs með opið hús að Digranesvegi 1 þar sem skipulagslýsingin og hugmyndir að uppbyggingu Traðarreits-austur verða kynntar sérstaklega þeim sem þess óska.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær
kopavogur.is



Skipulagsstofnun

**Mat á umhverfisáhrifum**

**Álit Skipulagsstofnunar**

**14.500 tonna framleiðsluaukning á laxi í Patreksfirði og Tálknafirði - Valkostir**

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Fjarðalax og Arctic Sea Farm er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is.



**Auglýsing um Skipulagsmál í Skaftárhreppi**

**Í samræmi við 1.mgr. 41.gr. og 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi skipulagstillögu.**

Deiliskipulagstillaga fyrir Hrífunes 213047
Deiliskipulagið nær til verslunar og þjónustusvæðis á lóð með landnúmer 213047 sem er í Hrífunesi í Skaftárhreppi. Heildarstærð skipulagssvæðisins er 3500 m2. Deiliskipulagið tekur til íbúðarhúss, ferðaþjónustuhúsa og bílastæða. Í aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 er svæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði, V2 sem er 19ha og er ætlað fyrir veitingaþjónustu og bændagistingu. Deiliskipulagið nær aðeins til hluta þess.

Deiliskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Skaftárhrepps frá og með miðvikudeginum 22. maí – 3. júlí 2019 og á heimasíðu Skaftárhrepps, www.klaustur.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna til 3. júlí 2019.

Skila skal athugasemdum skriflega á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri eða á netfangið bygg@klaustur.is.

***Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps***



Ertu að leita að sérfræðingi?
hagvangur.is



HAGVANGUR

# FRAMTÍÐ ÚTVARPS



## MÁLÞING UM TÆKNI, TUNGU OG NÝJAR MIÐLUNARLEIÐIR

**Fimmtudaginn 23. maí kl. 15-17**
**í aðalmyndveri RÚV, Útvarpshúsinu við Efstaleiti**

Hvernig verður útvarp framtíðarinnar? Á tæknin eftir að breyta því hvernig við hlustum? Eigum við eftir að tala íslensku við tækin okkar? Hvað einkennir gott hlaðvarp?

Sérfræðingar frá sænsku og bandarísku almannaþjónustumiðlunum SR og NPR greina frá reynslu sinni af raddstýringu og nýjum miðlunarleiðum og nokkrar af skærustu hlaðvarpsstjörnum Íslands ræða hlaðvarp.

Verið öll velkomin til samtals um framtíð útvarps.

Fundurinn verður í beinni á RÚV.is

**Nánari upplýsingar og skráning á RÚV.is**

RÚV

sveriges radio

npr










# DAGSKRÁ

# Miðvikudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Kastljós**
**13.15 Menningin**
**13.25 Útsvar 2014-2015 Borgarbyggð - Seltjarnarnes**
**14.30 Mósaík 1998-1999** Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð: Haukur Hauksson og Þiðrik Ch. Emilsson. Stjórn útsendingar: Haukur Haukson. e.
**15.05 Með okkar augum** Einlæg og skemmtileg þáttaröð þar sem fólk með þroskahömlun skoðar málefni líðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elín Sveinsdóttir. e.
**15.35 Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989**
**16.40 Gengið um garðinn Fossvogskirkjugarður** Egill Helgason og Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og rithöfundur ganga um Fossvogskirkjugarð í Reykjavík, skoða leiði skáldanna sem þar hvíla og segja af þeim sögur.
**17.15 Nýja afríska eldhúsið - Angóla**
**17.45 Táknmálsfréttir**
**17.55 Disneystundin**
**17.56 Nýi skólinn keisarans**
**18.17 Sígildar teiknimyndir**
**18.24 Dóta læknir**
**18.50 Krakkafréttir**
**18.54 Vikinglotto**
**19.00 Fréttir** Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, allt árið um kring.
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin** Menningarþáttur þar sem fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
**20.00 Bergmál risaeðlanna** Heimildarmynd um uppgötvanir steingervingafræðinga í Kanada á síðustu árum. Þeir hafa meðal annars rannsakað hvað risaeðlur geta kennt okkur um loftslagsbreytingar á jörðinni. Leikstjórn: Brandy Yanchyk.
**21.00 Leyndarmál tískuhússins**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Bandarískir blökkumenn rísa upp** Heimildarmynd frá BBC þar sem Dan Murdoch ferðast til Bandaríkjanna og kynnir sér hreyfingu blökkumanna sem berst gegn misrétti í þeirra garð, sérstaklega af hálfu bandarískra lögreglumanna. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10 Leynireglur nútímans. Algrím** Heimildarmynd þar sem Marcus du Sautoy, prófessor í stærðfræði, veitir innsýn í hulinn heim algóritma og sýnir hvernig þessar tvö þúsund ára gömlu aðferðir til að leysa vandamál virka og hverju hefur verið áorkað með aðstoð þeirra. e.
**00.10 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 PGA Championship**
**13.00 Golfing World**
**13.50 PGA Championship**
**18.50 PGA Highlights**
**19.45 Golfing World**
**20.35 LPGA Mediheal Championship**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 The King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.45 The Kids Are Alright**
**14.10 Kokkaflakk**
**14.50 90210**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 The King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.00 The Late Late Show**
**19.45 American Housewife**
**20.10 Survivor**
**21.05 Survivor**
**22.35 Taken**
**23.20 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS. Los Angeles**
**02.20 9-1-1**
**03.05 The Resident**
**03.50 FEUD**
**04.45 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tónlist frá A til Ö**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Samtalum réttindi barna**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Endurómur úr Evrópu**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.40 Kvöldsagan. Húsið**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.45 Love and Friendship**
**14.20 Cry Baby**
**15.45 The Yellow Handkerchief**
**17.20 Love and Friendship**
**18.55 Cry Baby**
**20.25 The Yellow Handkerchief**
**22.00 At Any Price**
**23.45 Adult Life Skills**
**01.25 Sinister**
**03.05 The Hangover Part II**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Friends**
**07.45 Gilmore Girls**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Jamie's 15 Minute Meals**
**10.00 Fresh Off the Boat**
**10.20 Enlightened**
**10.50 Bomban**
**11.40 Lego Masters**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Masterchef USA**
**13.40 God Friended Me**
**14.25 Major Crimes**
**15.10 World of Dance**
**15.50 Hálendisvaktin**
**16.20 Margra barna mæður**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag** Skemmtilegur og fjölbreyttur dægurmálaþáttur.
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Víkingalottó**
**19.30 Mom**
**19.50 Jamie's Quick and Easy Food**
**20.15 The Bold Type**
**21.00 Grey's Anatomy**
**21.45 Gentleman Jack**
**22.45 Arrested Developement**
**23.15 You're the Worst**
**23.40 Whiskey Cavalier**
**00.25 The Blacklist**
**01.10 Barry**
**01.40 Lethal Weapon**
**02.25 Springfloden**
**03.10 Springfloden**

## STÖÐ 3

**19.10 The Last Man on Earth**
**19.35 The Simpsons**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 Angie Tribeca**
**21.15 Pretty Little Liars. The Perfectionists**
**22.00 Krypton**
**22.45 Westworld**
**23.45 The Mindy Project**
**00.10 Supergirl**
**00.55 Arrow**
**01.40 Seinfeld**
**02.05 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.25 WBA - Aston Villa**
**09.05 Leeds - Derby**
**10.45 Liverpool - Barcelona**
**12.30 FH - Valur**
**14.15 Pepsi Max Mörk karla**
**15.45 Úrvalsdeildin í pílukasti**
**18.45 Haukar - Selfoss. Leikur 3**
**20.30 Þór/KA - Breiðablik**
**22.10 Valur - Keflavík. Leikur 3**
**23.50 Open Court 405. New York Basketball**
**00.40 UFC Greatest Fights**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**08.00 Chievo - Sampdoria**
**09.40 AC Milan - Frosinone**
**11.20 Juventus - Atalanta**
**13.00 Ítölsku mörkin**
**13.30 Þór/KA - Breiðablik**
**15.10 Fylkir - Grótta**
**16.55 Valur - FH**
**18.45 Mjólkurbikarmörkin**
**20.10 Formúla 1. Spánn- Keppni**
**22.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**22.55 Premier League Review**
**23.50 Haukar - Selfoss. Leikur 3**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

NÝTT Johnson's

# 100% mildar vörur. Án litarefna, parabena og súlfata.




Í takt við nýja tíma eru Johnson´s barnavörurnar nú með 50% færri innihaldsefni og mildari en nokkru sinni fyrr. Yfir 90% af innihaldsefnunum eru náttúruleg og eingöngu eru notuð ofnæmisprófuð ilmefni.

Hreinar, öruggar og mildar vörur fyrir barnið þitt.

#CHOOSEgentle

# Öðruvísi búð á Hverfisgötu

**Ágústa Hera** rekur búðina Mynt í kjallara við Hverfisgötuna. Þar selur hún ný og notuð föt, en einnig hönnun eftir sjálfa sig.


Ágústa Hera stendur sjálf vaktina flesta daga í Mynt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lítil en stórskemmtileg búð felur sig í kjallaranum á Hverfisgötu 16 í miðbæ Reykjavíkur. Eigandi búðarinnar er Ágústa Hera Harðardóttir hönnuður. Búðin heitir Mynt og þar eru seldar nýjar og notaðar vörur ásamt línunni Föðurland, sem er hönnun Ágústu. Endurvinnslustefna og sjálfbærni var henni hugleikin þegar hún hóf að vinna að stofnun búðarinnar.

Upphaf Myntar var nokkuð skondið. „Það var nú eiginlega þannig að ég var að taka til í geymslunni minni. Hún var svo stútfull af fötum sem ég hef sankað að mér síðustu 20 ár. Mér fannst algjör synd að fara að fleygja þessum flottu fötum sem flest voru í mjög góðu standi. Ég notaði fötin úr geymslunni til að byrja með í búðina en þegar á leið fékk ég líka föt frá mömmu minni, dóttur, frænku og kærasta. Sum eru notuð og önnur jafnvel glæný,“ segir Ágústa Hera.

Hún segir fötin úr ólíkustu áttum og að í búðinni sé að finna föt á unga sem aldna, konur jafnt og karla.

„Ég var búin að vera að svipast um eftir húsnæði í svolítinn tíma og bauðst svo þetta. Hverfisgatan er náttúrulega æðisleg staðsetning. Svo sel ég líka mína eigin hönnun hérna, Föðurlandið.“

Föðurland er lína af bolum, nærbuxum og leggings með íslenska náttúru og landakort áprentuð. Hún hefur reynst einstaklega vinsæl meðal ferðamanna sem og í gjafir til fólks sem býr erlendis.



**Mynt er fyrst og fremst með notuð föt en inni á milli leynast nýjar flíkur.**

En hvaðan kemur nafnið Mynt?

„Hér var myntsafnari í húsnæðinu í mörg ár svo mér fannst það liggja vel við. Það er líka æðislegur garður þarna við og það vill svo til að þar vex ótrúlega góð mynta. Svo vill líka svo skemmtilega til að þegar ég kom hingað fyrst var ég með vini mínum og við erum gjörsamlega forfallnir aðdáendur piparmyntusúkkulaðisins Pipp,“ segir Ágústa Hera hlæjandi að lokum.

steingerdur@frettabladid.is




Skórnir þínir. Kaffið í bollanum. Pappírinn í blaðinu sem þú ert að lesa….Ef þú hefur notað það, þá höfum við líklega flutt það til landsins. Og ef þú ert að hugsa um að flytja eitthvað milli landa eða landshluta ættirðu að hafa Samskip í huga. Við erum með skip, bíla, gáma, lestar og vöruhús – en umfram allt fólkið sem hugsar út fyrir gáminn með þér – til að finna bestu leiðina hverju sinni fyrir þig og umhverfið.

Saman náum við árangri

SAMSKIP
Saman náum við árangri

emmessis



# BLÓMLEGRA SUMAR
## með Ísblómum




EKTA
ÍSLENSKUR
Rjómaís

HÚSGAGNA HÖLLIN
VEFVERSLUN www.husgagnahollin.is ALLTAF OPIN
MAGNAÐUR MAÍ
Í HÖLLINNI




SKETCH
Garðborð með bambus í borðplötu og málmi í grind og fótum.
Stærð: 160 x 88 x 75 cm
48.379 kr.
~~59.990 kr.~~




NÝR BÆKLINGUR Á
husgagnahollin.is
SPENNANDI tilboð
og NÝJAR vörur

HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100
Reykjavík Bíldshöfði 20 | 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1 | 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

FRÉTTABLAÐIÐ.IS
Stendur undir nafni
FRÉTTABLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ APP FRÉTTABLAÐIÐ.IS



**Hljómsveitin Bagdad Brothers spilar á tónleikum næsta föstudag á Húrra.** MYND/PATRIK ONTKOVIC

# Vilja alls ekki útskýra uppruna nafnsins

Hljómsveitin **Bagdad Brothers** er á leiðinni í tónleikaferð um Norður-Ameríku. Stefnt er á að spila á 26 tónleikum á tæpum mánuði. Á túrnum mun sveitin spila undir nafninu BB til að forðast möguleg vandræði.

Hljómsveitin Bagdad Brothers á er leiðinni í sitt fyrsta tónleikaferðalag næstkomandi mánudag. Förinni er heitið til Norður-Ameríku en hljómsveitin ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur því planið er að ferðast nánast hringinn í kringum Bandaríkin. Ferðin hefst í Montréal þar sem kunningi sveitarinnar, June Mota, býr en hann sá um að bóka flesta tónleikana.

„Við kynntumst honum þegar hann kom hingað til lands. Hann langaði mikið að spila í Reykjavík og hafði samband við Póst-dreifingu, sem er grasrótarhreyfing listamanna sem við Sigurpáll stofnuðum ásamt fleirum. Því miður vorum við sjálfir með tónleika þetta kvöld en við kynntumst samt June og tókst ágætis vinskapur með okkur. Hann hafði svo samband með þá hugmynd að fara í tónleikaferð saman um Bandaríkin og Kanada,“ segir Bjarni Daníel Þorvaldsson.

**Mjög góður lærdómur**

Hljómsveitin var stofnuð af Bjarna og Sigurpáli Viggó Snorrasyni, en þeir spila báðir á gítar og syngja. Fyrir stuttu bættust við þau Steinunn Jónsdóttir sem spilar á hljóðgervla, Ægir Sindri Bjarnason á trommur og Þóra Birgit Bernódusdóttir sem spilar á bassa ásamt því að syngja með Bjarna og Sigurpáli.

„Stefnan er sem sagt að hitta June í Montréal, spila þar með sveitinni hans sem heitir un ashley. Svo keyrum við öll saman í rútu niður norðurströndina, síðan þvert yfir suðurríkin og að lokum upp austurströndina. Lokatónleikarnir verða í Vancouver. Þetta er náttúrulega svakaleg vegalengd og við gerum ráð fyrir að vera mánuð á leiðinni. Þetta verða í heildina um 26 tónleikar.“

Aðspurður segir Bjarni þau hafa langað að taka þetta einfaldlega alla leið fyrst þau væru yfirleitt að standa í því að fara í tónleikaferð.

„Við hugsuðum að þetta yrði mjög góður lærdómur og ákváðum bara að kýla á þetta. Ef okkur tekst þetta, þá ættum við að vera fær í flestan sjó þegar kemur að tónleikaferðum. Í flestum tilfellum eru þetta tónleikar í minni kantinum en á sumum stoppum erum við að spila á frekar flottum og stórum tónleikastöðum.“

**Reyna að vera raunsæ**

Hann sagði ferðina mjög mikið miðaða út frá því að bæta í reynslubankann, þau séu ekki að leggja of mikla pressu á sjálf sig um að allt gangi fullkomlega upp, þó að það væri auðvitað óskandi.

„Það verður ekki mikill tími til að gera mikið annað en að spila tónleika og keyra, við erum alveg búin að átta okkur á því. Við erum nógu raunsæ og sjáum að mögulega þurfa einhverjar dagsetningar að færast til ef við erum sein á því. En það verður bara að koma í ljós. Þetta verður í það minnsta ævintýralegt.“

Bjarni segir sveitina hafa verið duglega að spila undanfarið og dugi hagnaðurinn af því langt fyrir kostnaðinum við ferðina.

„Við erum búin að spila alveg ótrúlega mikið undanfarið, allavega 50 tónleika á innan við ári hugsa ég. Þannig að við náðum að safna ákveðinni summu fyrir ferðalaginu, sem við spöruðum. Svo gistum við í flestum tilvikum í heimahúsum hjá kunningjum eða tónleikahöldurum í ferðinni, svo sá kostnaðarliður er ekki stór.“

**Enginn kvartað hingað til**

Talið berst að nafni sveitarinnar enda hlýtur það eðlilega að vekja spurningar hvort vel sé tekið í sveit nefnda eftir höfuðborg lands sem Bandaríkin hafa átt í stríði við.

„Við höfum enn engar athugasemdir fengið út af nafninu. Það kemur okkur smá á óvart. Við tókum upp lög með útvarpsstöðinni KEXP frá Seattle fyrir myndbandasíðuna Youtube. Enginn hefur sérstaklega haft orð á því að nafnið sé óviðeigandi og flestir hlustendur virðast vera frá Bandaríkjunum. En við tökum enga sénsa og höfum því auglýst tónleikana úti undir styttingunni BB.“

Hann segir þó að nafnabreytingin sé ekki varanleg og um leið og þau snúi aftur til landsins verði sveitin aftur gamla góða Bagdad Brothers. Bjarni víkur sér þó undan öllum spurningum um uppruna nafnsins.

„Ég væri eiginlega til í eða sleppa að svara því,“ segir Bjarni hlæjandi og bætir svo við að lokum: „Þetta var einhver svo hræðilega vandræðalegur og lélegur brandari milli okkar Sigurpáls. Skrifaðu bara að ég vilji ekki útskýra, það er allt í lagi.“

Bagdad Brothers spilar í síðasta sinn undir því nafni í bili á Húrra á föstudag kl. 20.00. Ókeypis er á tónleikana en varningur frá bandinu verður til sölu og tekið er við með þökkum á móti frjálsum framlögum til styrktar tónleikaferðalaginu.

**steingerdur@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

REMA 1000



**BOLOGNA**
EKTA ÍTALSKUR ÍS
FRÁ REMA 1000 MIKIÐ ÚRVAL
750ml

# 739kr.



**LAMBALÆRISSNEIÐAR**
APPELSÍNU MARINERINGU

# 2599kr/kg

# 2499kr/kg

**GRÍSAHNAKKI**
KRYDDBLANDA &
BBQ





**VÍNBER GRÆN**
500g

# 391kr.



**APPELSÍNUR**
2kg

# 599kr.



**AVOCADO LÍFRÆN**
2 STK

# 599kr.



**RAUÐ EPLI**
1.5kg

# 199kr.



SUPER 1
**HALLVEIGARSTÍG 1**



SUPER 1
**FAXAFENI 14**



SUPER 1
**SMIÐJUVEGI 2**

# OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**
**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**

Davíðs Þorlákssonar



## Sýndarsiðferði

Því er stundum haldið fram að Enron hafi verið með lengstu siðareglur meðal þeirra fyrirtækja sem skráð voru í kauphöll í Bandaríkjunum. Það er kannski flökkusaga en ljóst er að þessar 64 síður komu ekki í veg fyrir að ósiðleg og ólögleg háttsemi stjórnenda yrði fyrirtækinu að falli. Það er nefnilega þannig að margar og íþyngjandi reglur og flókið fyrirkomulag tryggir ekki endilega bestu hegðunina.

Það verður algengara að ýmsir hópar setji sér siðareglur og setji á fót siðanefndir. Ef slík viðleitni er sjálfsprottin og gerð í góðri sátt meðal þeirra sem þurfa að fara eftir þeim er það hið besta mál. Það er þó sérstakt þegar fólk er að krefjast þess að siðareglur og siðanefndir séu settar yfir aðra en þá sjálfa. Það er nánast látið að því liggja að það eitt og sér að vera ekki með siðareglur og siðanefndir sé í eðli sínu siðlaust.

Það skaut skökku við þegar ákveðið var að setja siðareglur fyrir þingmenn. Samkvæmt stjórnarskránni eru þeir þjóðkjörnir og aðeins bundnir af sannfæringu sinni. Það getur því enginn annar fellt dóma um störf þeirra en kjósendur þeirra. Það á ekki að þurfa siðareglur til að banna fólki til dæmis að áreita annað fólk, draga sér fé eða saka fólk að ósekju um refsiverða háttsemi. Öll sú háttsemi er ólögleg. Gott siðferði er eitt af því sem tryggir að samfélag okkar virki vel. En það er spurning hvort siðareglur og siðanefndir séu alltaf besta leiðin til að tryggja það.








